


**SKOÐUN** Jón Kalman Stefánsson skrifar um skert framlög til þróunarmála og skort á sæmdartilfinningu. 19



**MENNING** Hljómsveitin Reykjavíkurdætur tók upp myndband við rapplag fyrir framan Alþingishúsið. 38



**SPORT** Stefán Rafn Sigurmannsson óttast ekki samkeppni við einn besta vinstri hornamann heims. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
11. desember 2013
291. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## Trassa að setja sér lögboðnar siðareglur

Meirihluti sveitarfélaga hefur ekki sett sér siðareglur eins og lög kveða á um. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur hvatt þau til að ljúka við siðareglurnar en með takmörkuðum árangri. Sambandið á eftir að skipa álitsnefnd um siðareglur.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Um fjörutíu sveitarfélög af 75 hafa ekki sett sér siðareglur um góða stjórnarhætti eins og sveitarstjórnarlög sem tóku gildi 1. janúar 2012 kveða á um. Auk þess hefur Samband íslenskra sveitarfélaga ekki skipað nefnd sem skal gefa álit um siðareglur og ætluð brot á þeim.

„Við höfum verið að hvetja þau áfram í þessu,“ segir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, spurður út í tafirnar.

Í sveitarstjórnarlögum segir meðal annars að öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar beri að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

„Sveitarfélögin eiga að vera búin að þessu og það er enginn skortur á leiðbeiningum um það. Það er sérstök síða um siðamál á heimasíðu sambandsins sem við höfum vísað mikið á,“ segir Guðjón.

Guðjón viðurkennir að stofnun siðareglunefndar hafi dregist en tekur fram að ekki hafi verið eftirspurn eftir henni hingað til.

„Hún á að reyna að vera styðjandi við þetta ferli. Veita almenn sjónarmið, frekar en að höggva á hnúta í erfiðum málum. Best væri ef hún hefði sem minnst að gera,“ segir Guðjón. - fb / sjá síðu 4

### ➜ Fulltrúar forðist hagsmunaárekstra

Lögin kveða ekki nákvæmlega á um hvað skal koma fram í siðareglum, en á siðavef Sambands íslenskra sveitarfélaga er vísað til siðareglna sem sveitarfélög hafa áður sett kjörnum fulltrúum. Þar á meðal eru ákvæði um að fulltrúar forðist hagsmunaárekstra og nýti sér ekki stöðu sína í eigin þágu. Þeir greini opinberlega frá fjárhagslegum hagsmunum sínum og þiggi ekki gjafir eða fríðindi af viðskiptamönnum.

Framsækin fyrirtæki:

## Skila styrkfénu tugfalt til baka

**NÝSKÖPUN** Heildarvelta þrettán fyrirtækja, sem fengu styrki úr Tækniþróunarsjóði árið 2005, jókst úr 20 milljörðum í 118 milljarða til ársins 2012. Starfsmannafjöldi fyrirtækjanna tvöfaldaðist á sama tíma. Fyrirtækin greiddu framlög ríkisins í gegnum sjóðinn tvítug- til fertugfalt til baka á tímabilinu.

**118** milljarðar er heildarvelta þeirra 13 fyrirtækja sem fengu styrk úr Tækniþróunarsjóði 2005

Þetta kemur fram í samantekt Samtaka iðnaðarins sem gagnrýna harðlega niðurskurð á fjárlögum til rannsókna- og þróunarstarfs. Samtökin benda á að með boðuðum breytingum á framlögum til vísinda- og tæknisjóða sé verið að skera niður bestu og arðbærustu leiðina til að auka verðmætasköpun og skatttekjur ríkissjóðs. - shá / sjá síðu 10

**FRÉTTIR**



### Talnarunubrúðkaup

Hjónaefnin Jónbjörn Valgeirsson og Kolbrún Dögg Arnardóttir munu ganga í það heilaga í Hafnarfjarðarkirkju í dag, hinn 11. 12. 2013 klukkan 14.15. 2

**50 börn á biðlista** Proska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar lokar á umsóknir leikskólabarna. Um fimmtíu börn bætast á biðlista eftir frumgreiningum á þroskavanda. 6

**Fjárlögin í brennidepli** Fjárveitingar til heilbrigðismála verða auknar um hátt í fjóra milljarða króna. Barnabætur verða ekki skertar en fimm prósenta hagræðingarkrafa er gerð á öll ráðuneyti. 12




18

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | SA | 4 |
| Akureyri | -1° | | N | 4 |
| Egilsstaðir | -1° | | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | | SV | 3 |
| Reykjavík | 4° | | SV | 5 |

**Fremur hægur vindur** og suðlægur á öllu landinu, 3-10m/s. Éljagangur eða slydda á vesturhluta landsins en bjart fyrir norðan og austan. Hiti í kringum frostmark, hlýjast SV-lands. 4

**1 SÉRBLAÐ**

Fólk






**KLIPPT Á BORÐANN** Hermann Ottósson, framkvæmdastjóri Rauða krossins, Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins á Íslandi, opnuðu nýja neyðarmiðstöð Rauða krossins í gær. Neyðarmiðstöðinni er ætlað að samhæfa betur neyðarviðbrögð félagsins á tímum áfalla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar Nelson snýr aftur:

## Ósigraður Rússi næstur í röðinni

**BARDAGALISTIR** Bardagakappinn Gunnar Nelson snýr aftur í búrið í mars á næsta ári og berst við Omari Akhmedov frá Rússlandi í UFC-keppni í blönduðum bardagalistum. Bardaginn fer fram í London.

„Mér líst bara vel á þennan bardaga. Ég hef horft á síðustu tvo bardaga með honum og hann virkar bara helvíti góður. Örugglega nokkuð höggþungur, villtur standandi og tekniskur í gólfinu enda Sambómeistari. Hann er svolítill Rússi í sér,“ segir Gunnar Nelson um verðandi andstæðing, sem er ósigraður í keppni.

Þetta verður þriðji bardagi Gunnars í UFC. Hann vann tvo fyrstu og átti að berjast við Mike Pyle í Las Vegas þann 25. maí í fyrra en þurfti að draga sig út úr keppni vegna meiðsla. - kh






Frestun á byggingu nýs spítala setur krabbameinslækningar í uppnám:

## Besta tækni ekki á Landspítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Kaup á nýjustu og bestu tækni til krabbameinslækninga eru í uppnámi eftir að áætlanir um byggingu nýs Landspítala voru settar á ís. Um er að ræða svokallaðan jáeindaskanna (PET/CT) sem stóð til að setja upp í nýjum spítala.

Pétur H. Hannesson, yfirlæknir á myndgreiningardeild LSH, segir tæknina dýra og viðamikið að koma tækjunum upp. „Þess vegna átti þetta að koma með nýja spítalanum, enda þarf sérhannað húsnæði og rannsóknastofur. Nú er ekkert fyrirsjáanlegt að hann rísi og þá horfir ekki vel fyrir þessari tækni sem er nauðsynleg fyrir krabbameinslækningarnar.“

Sem dæmi má taka að þrjátíu jáeindaskannar eru þegar í Danmörku, eða einn slíkur fyrir hverja 180.000 íbúa landsins. Ungir læknar, sem hafa menntað sig í krabbameinslækningum, horfa til þess að hér er enginn jáeindaskanni þegar þeir taka ákvörðun um hvar þeir ætla að vinna í framtíðinni. - shá / sjá síðu 16



**NÁKVÆMT** Mynd af heilaæxli úr jáeindaskanna.







## SPURNING DAGSINS



### Gísli, kemur þetta ekki með kalda vatninu?

**Jú, en það hitnar á leiðinni.**

Gísli S. Einarsson er íbúi á Akranesi og fyrrverandi bæjarstjóri. Akurnesingar hafa verið í talsverðum vandræðum með heita vatnið undanfarið og hefur það farið af oft á nokkrum dögum.

Nemar í framhalds- og háskólum neyta ofvirknilyfja til að halda einbeitingu:

# Misnota læknalyf í prófatörnum

**HEILBRIGÐISMÁL** Embætti Landlæknis hafa borist ábendingar um að nemendur í framhalds- og háskólum landsins misnoti örvandi lyf til að halda einbeitingu í próflestri, þar á meðal lyf vegna taugagalla.

Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Margir nemendur sem fréttastofa ræddi við sögðust kannast við slíka neyslu og það kæmi þeim í raun ekki á óvart að heyra af slíku. Prófatíminn valdi mörgum nemendum mikilli streitu og reyni mikið á þá.

Lyfjaeftirlitið staðfesti þetta og sagði vandamálið erfitt viðureignar. Lyf eru seld á svörtum markaði og sala læknadóps á samfélagsmiðlum er vaxandi vandamál. Nemandi sem fréttastofa ræddi við er með taugagalla og honum hafði verið boðið fé fyrir sterk lyf sem hann tekur.

Lyfjafræðingur sagði ekki fullrannsakað hvaða áhrif slík lyf hefðu á einstaklinga sem þyrftu ekki á þeim að halda. Þó væri meiri hætta á ávanafíkn hjá þeim sem ekki væru með ADHD. - mlþ




**MISNOTA OFVIRKNILYF** Sala læknalyfja á samfélagsmiðlum er vaxandi vandamál. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undir markmiði seðlabanka:

# Verðbólgan í Kína mælist 3%

**KÍNA** Verðbólga var 3,0 prósent í Kína í nóvember, lækkaði um 0,1 prósentustig frá október. Að sögn IFS-greiningar er niðurstaðan í takt við spár markaðsaðila sem gerðu ráð fyrir 3,1 prósenti.

„Verðbólgumarkmið seðlabankans í Kína er 3,5 prósent og er verðbólga því á ásættanlegum stað eins og er. Helsta ástæðan fyrir því að vísitalan hækkaði ekki eins mikið í nóvember og í október er sú að matvælaverð lækkaði,“ segir í umfjöllun IFS. - óká



**FRANSKIR HERMENN Í BANGUI** Hermennirnir hafa farið í eftirlitsferðir og reynt að afvopna uppreisnarmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tveir franskir hermenn féllu í Mið-Afríkulýðveldinu:

# Ástandið í Bangui skelfilegt

**MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDIÐ Ástandið í Bangui, höfuðborg Mið-Afríkulýðveldisins, er afar erfitt eftir hörð átök síðustu daga. Átökin hafa kostað fleiri hundruð manns lífið, þar á meðal tvo franska hermenn sem féllu í skotbardaga á mánudagskvöld. Þúsundir hafa flúið að heiman.**

**Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, segir að þrjú börn að minnsta kosti hafi látist. Tugir barna hafa komið á sjúkrahús í Bangui með sár eftir byssuskot eða sveðjur. „Á hverjum degi sjáum við fleiri börn særð eða látin á sjúkrahúsinu,“ er haft eftir Souleymane Diabate, fulltrúa UNICEF í Bangui, í tilkynningu frá stofnuninni.**

**Sextán hundruð franskir hermenn eru nú komnir til landsins til að stilla til friðar.** - gb

Nóbelsverðlaun afhent:

# Eftirlitsmenn fá viðurkenningu

**NOREGUR, AP** Ahmet Uzumcu, framkvæmdastjóri Alþjóðaefnavopnastofnunarinnar OPCW, tók í gær við friðarverðlaunum Nóbels fyrir hönd stofnunarinnar.

Stofnunin stendur nú frammi fyrir því verkefni að eyða gervöllum efnavopnabúnaði Sýrlandsstjórnar.

„Hinir nafnlausu eftirlitsmenn frá OPCW sinna gríðarlega mikilvægu og erfiðu starfi,“ sagði Thorbjörn Jagland, formaður norsku Nóbelsnefndarinnar, þegar hann afhenti verðlaunin. - gb

Framleiðandi PIP-púðanna:

# Í fangelsi fyrir brjóstapúðasvik

**FRAKKLAND, AP** Jean Claude Mas, Frakkinn sem seldi tugi þúsunda af gölluðum brjóstapúðum, var í morgun dæmdur í fjögurra ára fangelsi af dómstóli í Marseille.

Hann þarf einnig að greiða 75 þúsund evrur í sekt, en sú fjárhæð samsvarar ríflega tólf milljónum króna.

Hundruð kvenna mættu til að fylgjast með dómsuppkvaðningu í morgun. Alls voru brjóstapúðar af gerðinni PIP græddir í brjóst 125 þúsund kvenna víðs vegar um heim, þar á meðal hér á landi. - gb

# Gifta sig þann 11.12.13 kl. 14.15 á sínu 16. ári

Hjónaefnin Jónbjörn Valgeirsson og Kolbrún Dögg Arnardóttir munu ganga í það heilaga í Hafnarfjarðarkirkju klukkan 14.15 í dag. Dagsetningin var sérvalin og þetta er langt í frá fyrsta talnarunubrúðkaupið sem presturinn tekur þátt í.

**FÓLK** „Tímasetningin var engin tilviljun og þetta var allt útpælt,“ segir séra Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju. Hún mun í dag gefa saman þau Jónbjörn Valgeirsson og Kolbrúnu Dögg Arnardóttur. Athöfnin fer fram klukkan 14.15 í dag og er niðurstaðan því skemmtilega talnaröðin 11.12.13.14.15.

Séra Sigríður segir þetta ekki í fyrsta skipti sem sóknarbörn hennar velji brúðkaupsdag eftir talnarunum og mætti jafnvel segja að hún sé þaulreynd í þeim efnum.

„Ég gaf saman tvenn hjón 10.10.10 og 12.12.12. Auk þeirra var ég með eina giftingu 11.11.11.,“ segir Sigríður og bætir við að almennt sé mikið að gera hjá prestum á þessum dögum, sérstaklega ef þá ber upp á helgi.

Brúðurin segir daginn vera þýðingarmikinn þar sem árið í ár sé þeirra sextánda ár saman. „Okkur fannst við hæfi að velja þennan dag þar sem við lokum talnarununni,“ segir Kolbrún.

Hjónaefnin eru bæði Reykvíkingar og búa í Grafarholti. Kolbrún segir Hafnarfjarðarkirkju hafa orðið fyrir valinu eftir nokkrar vangaveltur, meðal annars með hliðsjón af veðri.

„Það þurfti að finna kirkju þar sem snjór og slabb myndu ekki setja mikið strik í reikninginn. Fríkirkjan var bókuð þennan dag og strax í vor var ljóst að dagurinn yrði jarðarfarardagur í Dómkirkjunni. Við enduðum á að velja Hafnarfjarðarkirkju og erum mjög ánægð með hana,“ segir Kolbrún.

Það er augljóst að mikil hugsun liggur að baki dagsetningunni sem varð fyrir valinu auk þess sem skipulag þurfti til að finna brúðkaupinu heppilegan stað á þessum árstíma. En hvernig er það að halda brúðkaup í miðri viku?

„Það var ekkert mál. Fólk tók sér að sjálfsögðu bara frí. Við erum búin að hanga svo lengi saman að það eru allir mjög fegnir að við séum loksins að löggilda okkur,“ sagði Kolbrún glöð í bragði þegar Fréttablaðið hafði samband við hana.

elimar@frettabladid.is



**VIÐ BRÚÐKAUPSVEGGINN** Jónbjörn og Kolbrún bjuggu til skemmtilegan brúðkaupsvegg í aðdraganda stóra dagsins.

## Löng bið eftir næstu talnarunu

Nokkuð hefur verið um skemmtilegar dagsetningar fyrir viðburði á síðusta áratuginn. Til dæmis má nefna að mikið var um brúðkaup á dagsetningunni 7.9.13. Langt er þangað til sambærileg talnaruna kemur upp og gætu áhugasöm brúðhjón þurft að bíða til 1. febrúar árið 2103 eftir viðlíka talnarunu og er í dag.




Barnsmóðir og fyrrverandi kærasta Stefáns Loga Sívarssonar bar vitni í gær:

# Hótaði einnig að drepa barnið

**DÓMSMÁL** „Ég hélt ég væri að deyja,“ sagði barnsmóðir Stefáns Loga Sívarssonar í vitnisburði sínum fyrir héraðsdómi í gær. Aðalmeðferð í Stokkseyrarmálinu hélt þá áfram, en einnig er ákært fyrir önnur brot og líkamsárás Stefáns á konuna er meðal ákæruefna. Konunni leið auðsýnilega mjög illa þegar hún rifjaði upp þessa atburði.

„Hann tók belti og setti um hálsinn á mér og dró mig inn í herbergi til dóttur minnar,“ sagði konan. Hún sagðist hafa verið mjög hrædd við Stefán og hrædd um barnið sitt, sem hann hótaði einnig að drepa.

Faðir Stokkseyrarfórnarlambsins bar einnig vitni í gær. Hann lýsti því hvernig hann hóf leit að syni sínum þegar hann skilaði sér ekki til vinnu og símtalinu frá Stokkseyri þegar sonur hans hafði sloppið úr prísundinni.

Faðirinn lýsti því sem sonurinn hafði sagt honum sem var skelfilegt. Spurður um afleiðingarnar sem árásin hefur haft á son hans átti hann erfitt með að koma því í orð: „Já, bara algerlega brotinn á líkama og sál.“

Hann sagði hagi piltsins gjörbreytta, hann þyrði ekki að búa í bænum og væri fluttur út á land.

„Þetta hefur haft gríðarleg áhrif á hann. Þetta er ekkert sami strákurinn og hann var,“ sagði faðirinn, sem varð klökkur þegar hann gaf vitnisburð sinn. - fbj



**STEFÁN LOGI** Fórnarlömb Stokkseyrarmálsins glíma öll við varanlegar afleiðingar af ofbeldinu sem þau voru beitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg, Geysir Akureyri og Geysir Haukadal. www.geysir.com Sími 519 6000.

## SVONA ERUM VIÐ



**440** **íslensk fyrirtæki sinntu lögfræðiþjónustu árið 2012. Þeim hafði fjölgað um 66 prósent frá árinu 2008 þegar 293 slík fyrirtæki voru starfandi.**

Útreikningur BSRB sýnir að verðlag hefur hækkað umtalsvert umfram hækkun barnabóta:

# Kaupmáttur barnabóta fimmtungi minni

**VELFERÐARMÁL** Barnabætur hafa lækkað að raunvirði og kaupmáttur þeirra dregist saman á síðastliðnum sex árum. Þetta kemur fram í samanburði BSRB á verðlagi og upphæð barnabóta.

Kaupmáttur barnabóta hefur lækkað um 22,5 prósent frá árinu 2007. Ef bæturnar myndu haldast óbreyttar á næsta ári hafa þær hækkað um 20 prósent á árunum 2007-2014. Á sama tíma hefur verðlag hækkað um 54,7 prósent, að teknu tilliti til verðbólguspár Hagstofunnar. Verðlag hefur því hækkað umtalsvert umfram hækkun barnabóta.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir einnig tekjuskerðingu á barnabótum vera alltof bratta. Bæturnar eru skertar við 200 þúsund króna mánaðarlaun einstaklings og 400 þúsund krónur hjá sambúðarfólki.

„Hjá BSRB eru lægstu launin 204 þúsund. Þetta þýðir að fólk á lágmarkslaunum verður fyrir skerðingu á barnabótum. Þessar staðreyndir sýna glöggt fram á að heildarendurskoðunar á barnabótakerfinu er þörf. Það getur ekki talist eðlilegt að aðeins þeir sem eru undir lágmarkstekjum fái fullar barnabætur. Það þarf að endurskoða barnabæturnar svo þær geti þjónað tilgangi sínum með betri og skilvirkari hætti en nú er,“ segir Elín Björg. - ebg



**ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR,** formaður BSRB, segir rýrnandi kaupmátt barnabóta og skerðingu við lágmarkslaun koma illa niður á tekjulágum fjölskyldum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Bjarni Ben. um kjaramál:

## Áhyggjur af samningum

**KJARAMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir áhyggjuefni að engar samningaviðræður eru í gangi á milli aðila vinnumarkaðarins. „Við höfum verið að skoða nýja útfærslu á lækkun tekjuskatts í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Sú vinna er þýðingarlaus á meðan allt situr fast,“ segir Bjarni.

Verkalýðsfélögin þrjú sem mynda Flóabandalagið hafa ákveðið að vísa kjarasamningsviðræðum sínum við Samtök atvinnulífsins til sáttasemjara.

Flóabandalagið leggur áherslu á að hækka lægstu launin með krónutöluhækkun.

VR og Landssamband íslenzkra verzlunarmanna vísuðu einnig kröfugerðum sínum til sáttasemjara eftir fund með SA í gær. Helstu áherslur í kröfugerð þeirra eru aukinn kaupmáttur og stöðugleiki. - jme, bj, skó

Rannsókn stendur enn yfir:

## Þungt haldin eftir brunann

**BRUNI** Kona liggur enn þungt haldin á gjörgæsludeild Landspítalans eftir bruna í fjölbýlishúsi við Írabakka á sunnudagsnótt. Konan hlaut alvarleg brunasár og reykeitrun í brunanum.

Fjórtán ára gömul dóttir konunnar vann hetjudáð þegar hún óð í gegnum eldhaf og bjargaði móður sinni úr logandi íbúðinni. Sömu nótt kviknaði einnig í matvöruverslun í Breiðholti skammt frá Írabakka. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar eru eldsupptök óljós í báðum tilvikum og stendur rannsókn yfir. - eh

# Sveitarfélögin draga siðareglur á langinn

**Meirihluti sveitarfélaga hefur ekki sett sér siðareglur eins og lög kveða á um. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur hvatt þau til að ljúka við siðareglurnar en með takmörkuðum árangri. Sambandið á eftir að skipa álitsnefnd um siðareglur.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Um fjörutíu sveitarfélög af 75 hafa ekki sett sér siðareglur um góða stjórnarhætti eins og sveitarstjórnarlög frá ársbyrjun 2012 kveða á um.

„Við höfum verið að hvetja þau áfram í þessu,“ segir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, spurður út í seinaganginn.

Í 29. grein sveitarstjórnarlaganna segir meðal annars að öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar beri að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

„Sveitarfélögin eiga að vera búin að þessu og það er enginn skortur á leiðbeiningum um það. Það er sérstök síða um siðamál á heimasíðu sambandsins sem við höfum vísað mikið á,“ segir Guðjón.

Á vef sambandsins er ekki tekið fram hvað skal koma fram í siðareglum, en vísað til reglna sem önnur sveitarfélög höfðu sett sér. Meðal þess ákvæði um að fulltrúar forðist hagsmunaárekstra og nýti sér ekki stöðu sína í eigin þágu.

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er hugsanlegt að hluti sveitarfélaganna fjörutíu vilji nota áfram eldri siðareglur sem þau hafi sett sér.

Sambandið hefur heldur ekki skipað nefnd sem skal gefa álit um siðareglur og ætluð brot á þeim. Þau sveitarfélög sem hafa þegar sett sér siðareglur geta því ekki vísað málum til nefndarinnar, þar sem hún er ekki til staðar.



**KÓPAVOGUR** Kópavogur var fyrsta sveitarfélagið sem setti sér siðareglur og í humátt á eftir kom Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Kópavogur skilaði siðareglum fyrstur

Kópavogur var fyrsta sveitarfélagið til að skila siðareglum. Á meðal annarra sem eru búin að því eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Borgarbyggð, Seltjarnarnes, Árborg, Seyðisfjörður, Blönduósbær, Skagafjörður og Ásahreppur.

Guðjón viðurkennir að stofnun nefndarinnar hafi dregist á langinn en tekur fram að ekki hafi verið eftirspurn eftir henni hjá sveitarfélögum. „Ég get sagt það hreint út að þetta mál hefur ekki verið í efsta forgangi hjá okkur. Innleiðing þessara sveitarstjórnarlaga er heilmikið dæmi, þar sem menn lögðu áherslu á fjármálareglurnar.“

Hann segir undirbúning við að koma nefndinni á laggirnar langt kominn. Markmiðið er að þrír óháðir fulltrúar verði í nefndinni og verður hún skipuð til fjögurra ára í senn.

**40** Um fjörutíu sveitarfélög hafa ekki sett sér siðareglur eins og lög kveða á um.

„Þessi nefnd var ekki hugsuð sem úrskurðarnefnd um ágreining. Hún á að reyna að vera styðjandi við þetta ferli. Veita almenn sjónarmið, frekar en að höggva á hnúta í erfiðum málum. Best væri ef hún hefði sem minnst að gera,“ segir Guðjón.

freyr@frettabladid.is

Ráðherra menntamála:

## Læsa á úti of seina nema

**SVÍÞJÓÐ** Of lítill agi í kennslustofunni er skýring á slökum árangri sænskra nemenda í PISA-könnuninni. Þetta er mat menntamálaráðherra Svíþjóðar, Jans Björklund.

Í viðtali við Svenska Dagbladet sagði ráðherrann að væri hann kennari myndi hann læsa skólastofunni um leið og búið væri að hringja inn.

Samkvæmt PISA-könnuninni voru sænskir nemendur efstir á listanum yfir þá nemendur sem koma of seint í kennslustund. - ibs

Atvinnuleysi stendur í stað:

## Ísland með sjöunda minnsta atvinnuleysið

**EFNAHAGSMÁL** Ísland er með sjöunda minnsta atvinnuleysið samkvæmt nýbirtum tölum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Hér stóð atvinnuleysi í stað milli september og október, líkt og þegar horft er til meðaltals OECD í heild. Hér mældist atvinnuleysi 5,6 prósent, en að jafnaði 7,9 prósent í OECD.

Mest er atvinnuleysi á Spáni, 26,7 prósent. Það á eftir koma Portúgal með 15,7 prósenta atvinnuleysi og Slóvakía með 13,9 prósent. - óká

**➜ Minnst atvinnuleysi***

| Sæti | OECD-land | Atvinnuleysi |
|---|---|---|
| 27. | Ástralía | 5,7% |
| 28. | Ísland | 5,6% |
| 29. | Þýskaland | 5,2% |
| 30. | Mexíkó | 4,9% |
| 31. | Austurríki | 4,8% |
| 32. | Japan | 4,0% |
| 33. | Noregur* | 3,4% |
| 34. | S-Kórea | 3,0% |

*Í október. **Septembergögn.*


Vikutilboð!



SPARAÐU 2.000 kr.

SENNHEISER HEYRNARTÓL HD-419

VERÐ ÁÐUR 9.900,-

NÚ 7.900,-

Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 www.pfaff.is

PFAFF


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆG SUÐLÆG ÁTT** á öllu landinu næstu daga en tekur að hvessa aðfaranótt föstudags, fyrst SV-lands. Hiti verður í kringum og undir frostmarki en hlýnar á föstudag. Fremur bjart N- og A-lands en slydduél og síðan él á S- og V-landi.




**Á morgun**
Víðast hvar hægur vindur, hvessir SV-til með kvöldinu.




**Föstudagur**
SA- og A- allhvass vindur fyrri part dags, hægari eftir hádegi.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 7° | Gautaborg | 7° | London | 9° | Orlando | 25° | San Francisco | 13° |
| Basel | 10° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 11° | Osló | -2° | Stokkhólmur | 5° |
| Berlín | 8° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 23° | New York | -1° | París | 6° | | |



**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




ENNEMM / SÍA / NM55607

**Spotify Premium** í 1 mánuð og **Netið í símanum** í 6 mánuði, allt að 1 GB x 6, fylgja völdum símum.

Spotify

**Huawei Ascend G700**
Kröftugt vinnutæki.

1.850 kr.
á mánuði í 24 mánuði*

Staðgreitt: 39.900 kr.

8GB 8MP 1,2GHz 5" 1080p@30fps WiFi
GPS 3G

**LG L3 II**
Hagleikssmíði frá verkstæði jólasveinsins.

1.490 kr.
á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 16.900 kr.

4GB 3,15MP 1GHz 3.2" VGA@30fps WiFi
GPS 3G

*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mán.gjald.

siminn.is/jol

Síminn

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hverju er ríflega helmingur Vesturbyggðar mótfallinn?
**2.** Hver er nýjasti liðsmaður knattspyrnudeildar Fram?
**3.** Hverjum bjargaði Ungfrú Ísland í Seljahverfinu?

**SVÖR:**
**1.** Sameiningu heilbrigðisstofnana Patreksfjarðar og Ísafjarðar.
**2.** Jóhannes Karl Guðjónsson.
**3.** Hundi.

Erlendir ferðamenn í nóvember eru 25,7 prósentum fleiri en í fyrra og nær fjórfalt fleiri en 2002:

# Ferðamenn í nóvember aldrei verið fleiri

**FERÐAÞJÓNUSTA** Í nýbirtum tölum Ferðamálastofu má sjá að 46.451 erlendur ferðamaður fór frá landinu um Flugstöð Leifs Eiríkssonar í nóvember, um 9.500 fleiri en í sama mánuði í fyrra. Fjölgunin milli ára nemur 25,7 prósentum.

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka segir að hvað erlenda ferðamenn varði hafi síðastliðinn nóvembermánuður verið „langfjölmennasti“ nóvembermánuður frá upphafi mælinga. „Þetta eru hreint ótrúlegar tölur, og sér í lagi í ljósi þess hversu gríðarlega mikil aukning átti sér stað í nóvember í fyrra á milli ára, eða sem nemur um 61 prósenti,“ segir í umfjöllun Greiningar. „Þetta þýðir að erlendir ferðamenn voru meira en tvöfalt fleiri í nóvember í ár en í nóvember árið 2011.“

Bent er á að fjölgunina í fyrra hafi að hluta til mátt skýra af því að Iceland Airwaves fór fram í nóvember það ár en í október árið 2011. „Sem kunnugt er fór Iceland Airwaves fram í nóvember í ár líkt og í fyrra.“ **- óká**

### FJÖLDI FERÐAMANNA Í NÓVEMBER 2002-13














**LENGRI BIÐ** Enn fleiri börn bætast nú á biðlista eftir frumgreiningu á þroskavanda. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Taka ekki við fleiri leikskólabörnum

Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar lokar á umsóknir leikskólabarna. Um fimmtíu börn munu nú bætast á langa biðlista Reykjavíkurborgar eftir frumgreiningum á þroskavanda. Móðir segir mikilvægt að fá leiðbeiningar sem fyrst.

**HEILBRIGÐISMÁL** Um fimmtíu börn á leikskólaaldri munu bætast á biðlista Reykjavíkurborgar eftir frumgreiningu á þroskavanda. Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur tilkynnt Reykjavíkurborg að stöðin sé hætt að taka við umsóknum um frumgreiningu vegna leikskólabarna. Ástæðan er sögð vera löng bið eftir greiningu og að sambærilega þjónustu megi sækja hjá borginni.

Þroska- og hegðunarstöð hefur tekið við tilvísunum frá ung- og smábarnaeftirliti Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, en frá og með áramótum verður leikskólabörnum beint til borgarinnar. Hjá Þroska- og hegðunarstöð fengust þær upplýsingar að um fimmtíu tilvísanir berist árlega vegna reykvískra leikskólabarna.



**HEIÐUR RÁN KRISTINSDÓTTIR**

Hákon Sigurgeirsson, deildarstjóri sérfræðiþjónustu skóla í Breiðholti, segir alls staðar vera biðlista og stafi það af fjárskorti. „Reglugerðin um flutning þjónustunnar yfir til sveitarfélaga var kostnaðarmetin á sínum tíma og gerði ráð fyrir að hækka þyrfti framlög um 33 prósent. Það hefur ekki gerst,“ segir hann. Í Breiðholti eru nú 110 leikskólabörn á biðlista eftir frumgreiningu.

Heiður Rán Kristinsdóttir sótti um frumgreiningu fyrir þriggja ára gamlan son sinn fyrir rúmum mánuði hjá sérfræðiþjónustu skóla í Laugardal. Henni var þá tjáð að biðin eftir sálfræðimati yrði að minnsta kosti eitt ár og að biðlistinn lengdist sífellt. Heiður segir mikilvægast fyrir sig að fá leiðbeiningar um hvernig taka skuli á málum, og tryggja að samfella sé á milli þess sem er gert í leikskólanum og heima. Á meðan mæðginin bíða verða haldnir reglulegir fundir með sérkennslufulltrúa og staða mála tekin. Þá er lögð rík áhersla á náið samstarf milli leikskóla og foreldra.

„Hann er mjög virkur og hress svo ég vil athuga hvort hann sé með ofvirkni,“ segir Heiður. „Það eru allir sammála um að hann sé alveg á mörkunum, og ég myndi bíða lengur með að athuga þetta ef ekki væri svona löng bið eftir aðstoð,“ segir Heiður.

**eva@frettabladid.is**

## Brýnt að sinna börnunum sem fyrst



Velferðarráð bókaði mótmæli við ákvörðun Þroska- og hegðunarstöðvar á síðasta fundi sínum. Þar kemur fram að ákvörðun Þroska- og hegðunarstöðvar sé eitt margra dæma um að ríkið færi þjónustu yfir til sveitarfélaga án samráðs eða samninga um greiðslur til að mæta auknum skyldum. Í bókuninni segir meðal annars: „Við gætum að sama skapi sagt að biðlistar eftir sérfræðiþjónustu hafi lengst hjá okkur, þess vegna hættum við þjónustunni og vísum henni yfir á ríkið. Okkur hefur ekki enn dottið það í hug,“

Formaður velferðarráðs, **Björk Vilhelmsdóttir,** segir Reykjavíkurborg gjarnan vilja sinna börnunum en þegar verkefnið var fært til sveitarfélaga árið 2010 hafi fjármagn ekki fylgt með. Þá segir hún afar brýnt að sinna börnunum sem fyrst, því þannig náist bestur árangur „Það er félagsleg fjárfesting að veita þessum börnum stuðning. Það skiptir öllu máli fyrir þroska þeirra að snemma sé gripið inn í,“ segir Björk.

Greining hjá sérfræðiþjónustu skóla er gjaldfrjáls, en foreldrum stendur sambærileg þjónusta til boða hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum, „Hver greining kostar tugi þúsunda. Flestar fjölskyldurnar eru meðaltekjufjölskyldur og það kemur ekki til greina að velta þessum kostnaði yfir á þær,“ segir Björk.

### ➜ Tilvísanir vegna leikskólabarna í Reykjavík

Um helmingur tilvísana sem Þroska- og hegðunarstöð fær vegna leikskólabarna eru úr Reykjavík. Tilvísanir koma aðallega frá ung- og smábarnavernd heilsugæslunnar. Biðtíminn eftir frumgreiningu er um fjórir til sex mánuðir. Fari mál barns í gegnum leikskóla er venjulega vísað á sérfræðiþjónusta skóla í viðkomandi hverfi. Biðtíminn hjá borginni er misjafn eftir hverfum en getur verið rúmt ár.

| | Fjöldi tilvísana árið 2011 | Fjöldi tilvísana árið 2012 |
|---|---|---|
| Þroska- og hegðunarstöð | 44 | 54 |
| Sérfræðiþjónusta skóla | 474 | 494 |

NÁNAR Á UU.IS




Þú greiðir ákveðna upphæð en færð hærra andvirði í ferð!

Þú greiðir 5.000 kr en færð 7.000 kr gjafabréf í ferð!

Þú greiðir 10.000 kr en færð 15.000 kr gjafabréf í ferð!

Þú greiðir 20.000 kr en færð 30.000 kr gjafabréf í ferð!

Þú greiðir 85.000 kr en færð 100.000 kr gjafabréf í ferð!

Tilboðinu lýkur 24. desember

* Aðeins er hægt að nota gjafabréfið í bókun í leiguflug með Ferðskrifstofu Íslands. Hámarks verðhækkun á gjafabréfi er 15.000 kr.

ÚRVAL·ÚTSÝN

TENERIFE - KANARÍ - ÚRVALSFÓLK - BORGIR - SKÍÐI - SÉRFERÐIR - SIGLINGAR - GOLF

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19, 201 KÓPAVOGI | S. 585 4000

Seðlabanki Breta bregst við:

## Húsnæðisverð í tíu ára hámarki

**BRETLAND** Húsnæðisverð í Bretlandi hefur náð tíu ára hámarki, að því er fram kemur í umfjöllun IFS-greiningar.

„Vísitalan mældist 58 stig í nóvember en hafði verið 57 stig mánuðinn áður. Ástæðan fyrir þessari þróun er sú að ríkisstjórn landsins hefur beitt sér fyrir því að styrkja fasteignamarkaðinn í landinu,“ segir í umfjöllun IFS. Bent er á að seðlabanki Bretlands hafi gripið til aðgerða til að hægja á styrkingunni. - óká



**SELFOSS** Kaþólska kirkjan hefur fengið lóð úthlutað á Selfossi.

Ný kirkjulóð í Árborg:

## Kaþólsk kirkja reist á Selfossi

**SKIPULAGSMÁL** Kaþólska kirkjan fær úthlutað lóð á Austurvegi 37 á Selfossi undir byggingu kirkju, safnaðarheimilis og prestsbústaðar. Fulltrúi Samfylkingar kvaðst í bæjarráði efast um að lóðin beri mannvirkin og umsvifin sem þeim fylgi.

„Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að kirkju- og safnaðarstarf samrýmist þeirri landnotkun og yfirbragði sem aðalskipulag svæðisins gerir ráð fyrir,“ bókaði fulltrúi Samfylkingarinnar og lagði til að kirkjunni yrðu boðnir aðrir lóðakostir í sveitarfélaginu.“ - gar

# Minntust Mandela í úrhellisrigningu

Nærri hundrað þjóðarleiðtogar tóku, ásamt tugum þúsunda Suður-Afríkumanna, þátt í minningarathöfn um Nelson Mandela í Soweto í gær. Hátíðarstemning ríkti þrátt fyrir úrhellisrigningu, sem landsmenn segja kærkomna við athafnir sem þessar.

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** „Í okkar menningu er rigningin guðsgjöf,“ segir Harry Tshabalala, bifreiðarstjóri hjá suðurafríska dómsmálaráðuneytinu. „Einungis stórbrotins fólks er minnst með rigningu. Regn er líf. Þetta er fullkomið veður fyrir okkur við þetta tilefni.“

Það rigndi eins og hellt væri úr fötu þegar Nelsons Mandela var minnst á íþróttaleikvangi í Soweto-hverfi í Jóhannesarborg í gær.

Soweto er mikið fátækrahverfi þar sem einatt kom til átaka á tímum aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans í Suður-Afríku. Þar gerðu hinir þeldökku íbúar afdrifaríka uppreisn árið 1976, en sú uppreisn var barin niður af mikilli hörku.

Á þessum leikvangi hélt Mandela fyrstu ræðu sína eftir að hann fékk frelsið árið 1990. Hann hafði þá setið í fangelsi í 27 ár vegna baráttu sinnar gegn aðskilnaðarstefnunni.

Á sama leikvangi kom hann líka síðast fram opinberlega árið 2010 á lokaathöfn heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu.

Nærri hundrað þjóðarleiðtogar tóku þátt í minningarathöfninni í gær, þar á meðal Barack Obama Bandaríkjaforseti sem hvatti fólk til að taka Mandela sér til fyrirmyndar. Hann hafi tekið óvinum sínum fagnandi þegar hann gekk út úr fangelsinu og hvatt landa sína til að sýna fyrirgefningu og ná sáttum.

Obama benti á að út um heim allan sitji enn fólk í fangelsi vegna stjórnmálaskoðana sinna: „Og enn er fólk ofsótt vegna þess hvernig það lítur út, eða hvers konar trúarathöfnum það tekur þátt í, eða hverja það elskar.“

Sannkölluð hátíðarstemning ríkti á leikvanginum þrátt fyrir úrhellið. Fólk blés í vuvuzela-flautur, dansaði og söng baráttulög frá tímum aðskilnaðarstefnunnar.

Mandela verður jarðsunginn á sunnudaginn í litla þorpinu Qunu, þar sem hann ólst upp. Næstu daga mun lík hans liggja á viðhafnarbörum í Pretoríu, en þangað getur fólk komið til að votta honum virðingu sína.

gudsteinn@frettabladid.is




**FÓLK MEÐ REGNHLÍFAR** Það var hellirigning þegar minningarathöfnin um Mandela var haldin í Jóhannesarborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

FÍB skoðaði verð á bíllyklum:

## Bílaumboðin yfirleitt dýrari

**VERSLUN** Nýir bíllyklar með fjarstýringu eru í flestum tilvikum dýrari hjá bílaumboðum en óháðum lykla- og lásasmiðum.

Frá þessu er greint á heimasíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) í frétt um niðurstöður úr verðkönnun félagsins á bíllyklasmíði.

Þar er nefnt sem dæmi að lykill með fjarstýringu fyrir Toyota Yaris kostar 25 þúsund krónur hjá Neyðarþjónustunni en 52.318 krónur hjá umboðinu. - hg

Norskur prófessor:

## Karlkennarar koma illa út úr greindarprófi

**NOREGUR** Karlkyns kennarar standa sig verr á greindarprófi norska hersins heldur en aðrir. Þetta kann að vera ein af skýringunum á því að þekkingu norskra nemenda hrakar, að því er haft er eftir Gunnar Salvanes, prófessor við viðskiptaháskóla Noregs, á vef Dagens Næringsliv.

Útkoma norskra nemenda í PISA-könnuninni sem birt var í síðustu viku olli vonbrigðum en Salvanes segir að þekkingu nemenda hafi byrjað að hraka áður en PISA-kannanir hófust upp úr 2000. Hann telur að ein af ástæðunum sé verri kennarar. Lág laun hafi áhrif á það hverjir fáist til starfa.

Prófessorinn telur að hið sama gildi um kvenkyns kennara. - ibs

www.volkswagen.is




## Góður vinnufélagi

Volkswagen Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

**Staðalbúnaður í Caddy er:** Hliðardyr báðum megin, tvískipt afturhurð, rúðuþurrkur á afturrúðum, hiti í afturrúðu, lokað skilrúm milli farþega- og flutningsrýmis, ABS-bremsuvörn, ESP-stöðugleikastýring og spólvörn, hæðarstillanlegt ökumannssæti, rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar, hæðarstillanlegt öryggisbelti, velti- og aðdráttarstýri, gúmmídúkur í farþegarými, loftpúði, útvarp með geislaspilara, útihitamælir, klukka, glasahaldari, fjarstýrðar samlæsingar og stórt geymslurými fyrir ofan bílstjóra.

**Caddy* kostar aðeins frá**

**3.090.000 kr.**

**(2.462.151 kr. án vsk)**

**Atvinnubílar**

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

**Fæst einnig fjórhjóladrifinn**

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


Veiðileg Jól
Munið vinsælu gjafabréfin okkar!
Prologic hanskar.
Góðir skotveiðihanskar.
Tvær gerðir.
Verð frá 4.995,-
DAM öndunarvöðlupakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð
Aðeins 29.995,-
Ron Thomson Reykofn
Frábært verð.
Verð aðeins 10.995,-
Redington Sonic veiðijakki
Vatnsheldur, saumalaus jakki með góðri útöndun
Verð 59.900.
Jólatilboð aðeins 49.900,-
Scierra digital
vigt með innbyggðum hitamæli
Verð aðeins 10.995,-
Scierra vöðlujakki.
Vatnsheldur jakki með útöndun
Fullt verð 29.995
Jólatilboð aðeins 25.995,-
Simms Fall Run Primaloft.
Léttur og hlýr jakki. Hentugur í alla útivist.
Aðeins 33.900,-
Ron Thompson vöðlujakki
Vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 24.995
Jólatilboð aðeins 19.995,-
Gerviendur
12 stokkendur ásamt sökkum, og góðum burðarpoka.
Frábært verð
Aðeins 12.995,-
Redington kvenvöðlupakki
Vandaðar öndunarvöðlur og skór
Aðeins 42.995,-
Simms Freestone pakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð aðeins 53.900,-
Simms Coldweather skyrtur
Þykkar og hlýjar skyrtur
Verð aðeins 14.995,-
Prologic felugalli
MAX4 felumynstur.
Vatnsheldur, fóðraður jakki og smekkbuxur með útöndun
Verð aðeins 36.995,-
Fud gæsir.
Vinsælar gervigæsir sem ekkert fer fyrir.
Þessar hafa svo sannarlega slegið í gegn.
6 í pakka
Verð aðeins 9.995,-
Redington Topo fluguveiðipakkar
Fjögurra hluta stöng, hjól, lína, baklína, taumur, flugubox og flugur. Fullt verð 36.900.
Jólatilboð aðeins 29.995,-
Gæsaflautur – Andaflautur.
Gott úrval. Verð frá
Verð frá 2.995,-
Öryggishólf.
Örugg geymsla fyrir verðmæti eða skotfæri.
Nauðsynlegt á öll heimili.
Raflæsing
Verð aðeins 14.995,-
Lambhúshettur.
Nauðsynlegar í gæsaveiðina.
Hlýjar hettur með andlitsgrímu
Verð aðeins 3.995,-
Savage laxaháfur.
Léttur og góður laxaháfur.
Hægt að brjóta saman.
Aðeins 8.995,-
Sage flugustangir
Í miklu úrvali. Vandaðar handgerðar bandarískar stangir með lífstíðarábyrgð.
Verð frá 49.900,-
Netverslun Veiðihornsins sendir jólagjafirnar frítt með póstinum til jóla – Veidihornid.is
VEIÐIHORNIÐ
VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 5688410
VEIÐIHORNIÐ - STRANDGÖTU 49 - HAFNARFIRÐI - 555 6226



**BLÁA LÓNIÐ** Eitt þeirra fyrirtækja sem fékk styrk 2005. Önnur þekkt fyrirtæki voru Orf Líftækni, Dohop, Marorka, Marel og Mentor.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Arðurinn mælist í milljarðatugum

Þrettán fyrirtæki sem fengu styrki frá Tækniþróunarsjóði fyrir fáum árum hafa skilað ríkissjóði arði sem nemur tugum milljarða króna. Samtök iðnaðarins gagnrýna stjórnvöld hart og segja bestu leiðina til verðmætasköpunar og tekjuöflunar fyrir ríkissjóð skorna niður.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Þau þrettán fyrirtæki sem fengu styrki úr Tækniþróunarsjóði árið 2005 höfðu endurgoldið ríkissjóði framlagið 20 til 40 falt árið 2012. Arðurinn af fjárfestingu ríkissjóðs mælist í tugum milljarða.

Þetta sýnir samantekt Samtaka iðnaðarins (SI) um verðmætasköpun og tekjuöflun ríkissjóðs af fyrirtækjum sem hafa notið styrkja til nýsköpunar- og þróunarverkefna.

### Að gefnu tilefni

Tilefni samantektarinnar er fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2014 sem nú er til afgreiðslu á Alþingi. Samkvæmt því lækkar framlag í Tækniþróunarsjóð um tæpar 600 milljónir króna til ársins 2016 frá því sem áður hafði verið boðað. Einnig er boðuð lækkun á endurgreiðsluhlutfalli vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna úr 20% í 15%. Með fjáraukalögum ársins 2013 átti einnig að skera Tækniþróunarsjóð niður afturvirkt um 150 milljónir króna.

### Gremja

Á nýafstöðnu Rannsóknaþingi Rannís var þessu, ásamt sambærilegum áformum um niðurskurð á Rannsóknasjóði mótmælt kröftuglega. Gremja vísindasamfélagsins í garð niðurskurðar stjórnvalda til tækni- og vísindasjóða braust fram á sama tíma og fundarmenn lofuðu stefnumörkun til næstu ára. Var sagt að hún væri í raun orðin tóm, af þeim sökum að útilokað sé að framfylgja henni vegna fjársveltis.

Eins og Fréttablaðið greindi frá sagði Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, að framlög til rannsókna- og tæknisjóða hafi hækkað árið 2013 vegna fjárfestingaráætlunar fyrri ríkisstjórnar en Alþingi hafi metið stöðuna svo að ríkisreksturinn yrði í jafnvægi eftir hallarekstur síðustu ára. Þetta hafi brugðist og þvert á móti þurfi enn að glíma við að loka fjárlagagati. „Það gerir sér það enginn að leik, eða af misskilningi, að draga úr fjárveitingum til svo mikilvægra málaflokka,“ sagði Illugi.

### Stefnuyfirlýsingin gleymd?

Samtök iðnaðarins benda á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að hún leggi mikla áherslu á nýsköpun í öllum atvinnugreinum. Boðaðar breytingar á framlögum til vísinda- og tæknisjóða sé því í hrópandi mótsögn við þessa stefnu. Samtökin spyrja hvort einhverja skynsemi sé að finna í tillögum um niðurskurð og svara þeirri spurningu neitandi – ekki sé hún einungis í andstöðu við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar heldur vanti í tillöguna heilbrigða skynsemi. Verið sé að skera niður bestu og arðbærustu leiðina til að auka verðmætasköpun og skatttekjur ríkissjóðs.

### Freistandi tilboð

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá SI, segir að umræðan virðist vera að leiða til þess að stjórnarflokkarnir hafi horfið frá umræddum niðurskurði á sjóðunum í fjáraukalögum 2013, en eftir standa áform um niðurskurð á tímabilinu 2014-2016. Einnig sé komin fram tillaga frá meirihluta fjárlaganefndar um að hverfa frá lækkun á endurgreiðsluhlutfalli vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar. „En hins vegar er komin fram tillaga frá meirihlutanum um að þak hámarkskostnaðar til útreiknings á frádrætti verði lækkað,“ segir Davíð.

Davíð segir það koma harðar niður á stærri nýsköpunarfyrirtækjum sem nýta heimildina til fulls og þá draga úr hvata þeirra til að stunda rannsókna- og þróunarstarf hér á landi. „Á sama tíma eru löndin allt í kringum okkur að bjóða framsæknustu fyrirtækjunum okkar margvíslega fyrirgreiðslu og hvata ef þau flytja starfsemi sína til þeirra. Bretland freistar margra í þessu sambandi og samkvæmt fjárlagafrumvarpinu í Noregi er verið að hækka umrædd þök þar í landi, en íslenska endurgreiðslukerfið er einmitt sambærilegt því norska.“

### 20% gjaldeyristekna

Í samantekt SI kemur fram að nú koma um 20% gjaldeyristekna þjóðarinnar frá fyrirtækjum í tækni- og hugverkagreinum. Árangurinn, sem byggist á öflugu rannsókna- og þróunarstarfi undanfarinna ára, komi líka fram í aukinni framleiðni í öðrum útflutningsgreinum, auk þess að leiða til hagræðingar í mennta- og heilbrigðiskerfinu og öðrum greinum á heimamarkaði.

Þessu til áherslu er tekið dæmi af þeim þrettán fyrirtækjum sem fengu styrki úr Tækniþróunarsjóði árið 2005 en þá jókst heildarvelta þeirra úr 20 milljörðum 2005 í 118 milljarða á árinu 2012. Starfsmannafjöldinn fór úr nær 500 í um 1.000.

### FRAMLÖG 2009-2014

til Tækniþróunarsjóðs í millj. kr.







Verðmætt veganesti

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.




Jólakaupauki!

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 3.000 kr. fylgir falleg peysa.*

* Meðan birgðir endast.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

heimkaup.is




# Allt að 25% afsláttur

## af borðspilum og púslum aðeins í dag.

# GJAFA HJÁLPARINN

1. Veldu handa hverjum gjöfin er, aldur og áhugamál og við hjálpum þér að finna réttu gjöfina.
2. Við getum pakkað henni inn í fallegan gjafapappír og skrifað á gjafakortið fyrir þig.
3. Við sendum gjöfina til þín frítt – eða beint til viðtakanda hvar sem er á landinu.



# KLÁRAÐU JÓLAGJAFIRNAR Á EINU BRETTI



Pökkum inn og sendum svo frítt heim!

PIPAR\TBWA • SÍA • 133648

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun | Hagstætt verð | Hraðsending | Sendum um allt land

HEIMKAUP





# Fjárlaganefnd reynir að loka fjárlögunum

**Fjárveitingar til heilbrigðismála verða auknar um hátt í fjóra milljarða króna. Barnabætur verða ekki skertar en haldið er við þá ákvörðun að skerða vaxtabætur hinna tekjuhærri. Fimm prósenta hagræðingarkrafa er gerð á öll ráðuneyti.**

**STJÓRNMÁL** „Við ætlum að auka framlög til heilbrigðismála um hátt í fjóra milljarða króna án þess að hverfa frá markmiðinu um hallalaus fjárlög," segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.



BJARNI BENEDIKTSSON

Fjárlaganefnd Alþingis er að leggja lokahönd á fjárlagafrumvarpið áður en það kemur til annarrar umræðu sem verður væntanlega á fimmtudag. Vinnan snýst að stærstum hluta um að finna peninga í heilbrigðiskerfið.

Fjármálaráðherra og formaður fjárlaganefndar tilkynntu fyrir nokkrum dögum að barna- og vaxtabætur yrðu lækkaðar og átti það að spara 600 milljónir króna af útgjöldum ríkisins.

Í gær var tilkynnt að fallið yrði frá því að lækka barnabætur og jafnframt var tilkynnt að vaxtabætur yrðu skertar hjá hinum tekjuhærri án þess að búið sé að skilgreina hvað í því felst. Vaxtabætur hinna tekjulægri verða óskertar.

Til að mæta þessu verða framlög til ráðuneytanna skert um fimm prósent.



**LOKADRÖG** Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hittust síðdegis í gær til að fara yfir lokadrög að fjárlagafrumvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Þetta er um það bil jafn há upphæð og hefði fengist með því að skerða barnabætur," segir Bjarni.

Einnig er til skoðunar að skerða framlög til þeirra ríkisstofnana sem hafa vaxið hvað mest síðustu ár. Þetta gæti þýtt að störfum hjá hinu opinbera fækkaði á næsta ári.

Þá verða framlög til þróunarsamvinnu skert um 700 milljónir króna frá því sem þau eru í ár.

Bjarni segir að spáð sé aukinni hagsæld á næsta ári og skatttekjur ríkisins komi því til með að aukast. „Við erum að reyna að hagræða í þágu heilbrigðismála. Það er hægt en það þarf pólitískan vilja til þess og það eru ýmis sjónarmið uppi," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir að það verði að tryggja að þær aðgerðir sem ráðist verði í bitni ekki á hinum tekjulágu. Hann segir að ekki sé búið að hnýta alla lausa enda.

„Vinna við frumvarpið verður í gangi þangað til það verður tekið til annarrar umræðu í þinginu og frumvarpið getur tekið breytingum á milli annarrar og þriðju umræðu," segir forsætisráðherra.

johanna@frettabladid.is






# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI




# SÉRVERÐ Á VÖLDUM TÆKJUM

Sölumenn okkar eru í jólasamningsstuði – Þið komið og ræðið við sölufólkið okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs, bestu greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust.

**Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.**

**SÝNUM HÉR NOKKUR DÆMI – BJÓÐUM FLEIRI GERÐIR AF AEG HEIMILISTÆKJUM Á HAGSTÆÐUM VERÐUM.**

## AEG

BE3003001-M




Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni.

**SÉRVERÐ: 99.900 kr.**

*(Listaverð: 134.900 kr.)*

## AEG

HK634000 XB



Helluborð af bestu gerð.

**SÉRVERÐ: 89.900 kr.**

*(Listaverð: 115.900 kr.)*

## AEG

**UPPÞVOTTAVÉL**

FAVORIT 45010-W/M



**SÉRVERÐ: 99.900 kr. HVÍT**
**109.900 kr. STÁL**

## AEG



Hæð: 154 cm
Kælir: 208 L
Frystir: 61 L

**SÉRVERÐ: 99.900 kr.**

*(Listaverð: 123.900 kr.)*

## AEG



Hæð: 185 cm
Kælir: 245 L
Frystir: 92 L

**SÉRVERÐ: 159.900 kr.**

*(Listaverð: 204.900 kr.)*

## AEG



**20% AFSLÁTTUR**

KOMDU OG GERÐU *FRÁBÆR* KAUP!

Verslanir og umboðsmenn um land allt

# ORMSSON

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15

**LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**

# JÓLABÆKURNAR

VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS




2.790KR




30% AFSLÁTTUR
3.840KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.490KR~~




2.999KR




30% AFSLÁTTUR
3.490KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.999KR~~




20% AFSLÁTTUR
19.900KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~24.899KR~~




30% AFSLÁTTUR
3.840KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.999KR~~




30% AFSLÁTTUR
5.590KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~7.990KR~~




30% AFSLÁTTUR
2.090KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~2.999KR~~




30% AFSLÁTTUR
3.140KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.490KR~~




30% AFSLÁTTUR
2.790KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.990KR~~




2.570KR




30% AFSLÁTTUR
3.490KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.990KR~~




30% AFSLÁTTUR
2.090KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~2.990KR~~




30% AFSLÁTTUR
3.140KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.490KR~~

Gildir 11.-15. desember. *Venjulegt verð er það verð sem bókin mun kosta að loknu kynningarverði.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði
HAGKAUP



Í MIKLU ÚRVALI
Í HAGKAUP
ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM
STÓRA HANDAVINNU BÓKIN
30% AFSLÁTTUR
5.590KR
UPPHAFLEGT VERÐ 7.999KR
NÁTTÚRAN
10.390KR
JONAS JONASSON
ÓLÆSINGINN
2.999KR
Fiskarnir hafa enga fætur
Jón Kalman Stefánsson
ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning
30% AFSLÁTTUR
4.540KR
UPPHAFLEGT VERÐ 6.490KR
GLÆPURINN
ÁSTARSAGA
3.490KR
ARNALDUR INDRIÐASON
Skuggasund
4.540KR
JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON
HLUSTAÐ
4.390KR
DÍSU SAGA
ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning
4.400KR
Von
Saga Amal Tamimi
30% AFSLÁTTUR
4.180KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.980KR
Drakúla
30% AFSLÁTTUR
2.790KR
UPPHAFLEGT VERÐ 3.999KR
PABBINN
30% AFSLÁTTUR
2.790KR
UPPHAFLEGT VERÐ 3.999KR
Trix & mix frá fröken Fix
30% AFSLÁTTUR
2.790KR
UPPHAFLEGT VERÐ 3.999KR
án ofnæmisvalda KRÆSINGAR
engin egg, mjólkurvörur, glútein, hnetur
Alice Sherwood
30% AFSLÁTTUR
3.770KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.399KR
FALDAR OG SKART
6.290KR
HAGKAUP
Ein ferð betra verð














Geðhjálp segir úrbóta þörf í geðheilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni:

# Enginn geðlæknir fyrir fanga

**HEILBRIGÐISMÁL** Fangar á Litla-Hrauni hafa ekki haft aðgang að geðlækni frá því um miðjan október og bið eftir viðtali við sálfræðing á vegum fangelsismálastofnunar er á bilinu tvær til þrjár vikur.

Formaður og framkvæmdastjóri Geðhjálpar heimsóttu fangelsið og í kjölfarið vilja þeir vekja athygli á að úrbóta er þörf á aðgengi og geðheilbrigðisþjónustu við fanga.

„Vart þarf að hafa mörg orð um nauðsyn þess að fangar hafi aðgang að þjónustu geðlæknis. Hópur brotamanna á við geðrænar raskanir af ýmsum toga að stríða við innritun í fangelsi,“ segir í tilkynningu frá Geðhjálp.

Í nóvember var stofnuð nefnd til að kortleggja geðheilbrigðisþjónustu fanga sem velferðarráðuneytið stýrir. „Ráðuneytið hefur ekki svör á reiðum höndum um það hvernig eigi að bæta geðheilbrigðisþjónustu við fanga en verið er að skoða það í samvinnu þeirra ráðuneyta og stofnana sem koma að þessum málum,“ segir í svari ráðuneytisins við fyrirspurn blaðamanns. - ebg



**LITLA-HRAUN** Hópur brotamanna á við geðrænar raskanir að stríða við innritun í fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Besta tækni lögð í salt með spítalanum

Bið verður á því að nýjasta tækni til krabbameinslækninga verði í boði hérlendis eftir að nýr Landspítali var settur á ís. Fullkomið myndgreiningartæki, sem átti að kaupa, kemst ekki fyrir í gamla húsnæði spítalans. Það kostar rúman milljarð.

**HEILBRIGÐISMÁL** Kaup á nýjustu og bestu tækni til krabbameinslækninga eru í uppnámi eftir að áætlanir um byggingu nýs Landspítala voru settar á ís. Um er að ræða svokallaðan jáeindaskanna (PET/CT) sem stóð til að setja upp í nýjum spítala, og hefur um árabil verið staðalbúnaður á öllum sjúkrahúsum á Norðurlöndunum sem veita sömu meðferð og LSH.

„Það langstærsta og mikilvægasta í tækjamálunum er jáeindaskanni sem við ekki höfum. Með þessu tæki er hægt að sjúkdómsgreina mjög vel og fylgjast með meðferð sem ekki hefur verið hægt með öðrum búnaði sem við eigum,“ segir Gísli Georgsson, umsjónarmaður viðhalds og lækningatækja LSH. „Við þurfum vissulega að vinna okkur niður listann, með kaupum á mismunandi tækjum, en þessi tækni þarf að koma hingað því við getum ekki beðið í önnur fimm eða tíu ár eftir þessu. Þá eru menn farnir að vera afskaplega aftarlega á merinni í krabbameinslækningum sem er mjög stórt hlutfall af því sem spítalinn er að fást við,“ segir Gísli.

Pétur H. Hannesson, yfirlæknir á myndgreiningardeild LSH, segir tækið stórauka möguleika til greiningar á einkennum og meðferð ýmissa sjúkdóma, og þá helst krabbameina. Hann segir að öll önnur tækni í myndgreiningu sé þegar til í landinu. „Þetta er dýr tækni og viðamikið að koma þessu upp. Þess vegna átti þetta að koma með nýja spítalanum, enda þarf sérhannað húsnæði og rannsóknastofur. Nú er ekkert fyrirsjáanlegt að hann rísi og þá horfir ekki vel fyrir þessari tækni sem er nauðsynleg fyrir krabbameinslækningarnar.“

Helgi segir tæknina orðna útbreidda, og öll sjúkrahús sem bjóða krabbameinsmeðferð eins og LSH veitir hafi þennan tæknibúnað. Hins vegar fara sjúklingar til Danmerkur í þessa meðferð. „En ekki nóg, því það hentar illa upp á meðferðina. Það tekur tíma að fara út en menn vilja oft hefja meðferð sem fyrst,“ segir Pétur og svarar því játandi hvort það letji unga lækna til heimkomu að tæknin er ekki fyrir í landinu.

svavar@frettabladid.is



**FRAMTÍÐARSÝN** Sóleyjartorg. Meðferðarkjarni til vinstri þar sem tækið átti að vera til húsa. MYND/SPITAL

## Jáeindaskanni kostar á annan milljarð

- Tækið kostar á annan milljarð króna og útheimtir sérstakt húsnæði, en tæknin var hugsuð sem hluti af meðferðar- og bráðakjarna nýs Landspítala.
- Tækið er notað við frumgreiningar, mat á endurkomu, mat á árangri meðferðar og fyrir geislameðferð illkynja sjúkdóma. Meðal ábendinga fyrir jáeindaskanna er t.d. mat á því hvort hnútur í lunga sé illkynja og leit að duldu illkynja æxli.
- Stöðugt bætast við krabbamein þar sem sýnt hefur verið fram á notagildi aðferðarinnar. Jáeindaskanninn breytir þeirri meðferð sem stór hluti sjúklinga fær við sjúkdómi sínum. Þetta leiðir til þess að læknar og sjúklingar gera kröfu um að aðferðin sé aðgengileg.
- Þótt tæknin sé dýr mun jáeindaskanni hafa jákvæð áhrif á kostnað í heilbrigðiskerfinu þar sem nákvæmari greining mun leiða til markvissari meðferðar, minni lyfjakostnaðar og mögulegt verður að fækka ónauðsynlegum skurðaðgerðum vegna betri greiningar.

*Heimild: Pétur H. Hannesson, Læknablaðið*

Vladimír Pútín Rússlandsforseti náðar 25 þúsund manns í vikunni:

# Pussy Riot-stúlkurnar fá frelsið

**SVÍPJÓÐ** Vladimír Pútín Rússlandsforseti náðar í vikunni 25 þúsund manns. Tilefnið er tvítugsafmæli rússnesku stjórnarskrárinnar, sem haldið verður hátíðlegt á morgun.

Rússneskir fjölmiðlar fullyrða að meðal þeirra, sem fá frelsið, séu tvær konur úr rússnesku kvennapönksveitinni Pussy Riot, sem nú afplána tveggja ára fangelsisdóm fyrir að efna til mótmæla í helstu kirkju Moskvuborgar.

Einnig liðsmenn Greenpeace-samtakanna, sem handteknir voru í haust fyrir að efna til mótmæla við rússneskan olíuborpall. Þá verða látnir lausir mótmælendur, sem handteknir voru í maí síðastliðnum.

Alls verða um 1.300 manns látnir lausir úr fangelsi, en 17.500 að auki fá felldan niður skilorðsbundinn fangelsisdóm. Þetta hefur rússneska fréttastofan Interfax eftir Vladimír Vasiljev, varaforseta rússneska þjóðþingsins.

Þjóðþingið þarf þó að samþykkja lög til að staðfesta þetta, en rússneskir fjölmiðlar höfðu í gær komist yfir frumvarpið og segja þau skilyrði sakaruppgjafar, sem þar eru tilgreind, sýna að mótmælendur og aðrir sem efnt hafa til „óláta“ falli undir þau. - gb



**VLADIMÍR PÚTÍN** Ef marka má rússneska fjölmiðla eru mótmælendur meðal þeirra sem náðaðir verða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


JÓLAGJÖFINA FÆRÐU
Í TOYS"R"US
NÝTT
KORTATÍMABIL
12 DES
ÚRVALIÐ
ER HJÁ
OKKUR
ToysЯus
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
ÞÚ FINNUR JÓLAOPNUNARTÍMA Á WWW.TOYSRUS.IS

Reynt að viðhalda ónýtu auglýsingabanni á áfengi:

# Með hreinum keimlíkindum

Fréttablaðið sagði frá því í gær að fjármála- og efnahagsráðherrann hefði lagt fram á Alþingi frumvarp, sem gerir meðal annars ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins geti neitað að taka í sölu áfenga drykki sem eru í umbúðum sem líkjast um of umbúðum annarra vara, til dæmis óáfengra drykkja.

Umræddu ákvæði, sem í greinargerð með frumvarpinu er kallað „keimlíkindaákvæði", er annars vegar ætlað að koma í veg fyrir að fólk ruglist á áfengri vöru og óáfengri „og neyti hinnar áfengu fyrir misgáning, sem getur auk áhrifa á skynjun og heilsu viðkomandi skapað slysahættu".



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þessi rök, um að fólk geti ruglazt á áfenginu sem það kaupir í ÁTVR og pilsnernum (eða ólífuolíunni?) sem það kaupir í matvöruverzlunum og jafnvel meitt sig í framhaldinu, eru aðallega hlægileg og dæmi um að forsjárhyggjan er gengin mjög langt út í öfgar í stjórnarráðinu. Það er reyndar með hreinum ólíkindum að formaður Sjálfstæðisflokksins leggi fram frumvarp sem þetta á Alþingi.

Hins vegar – og það virðist nú megintilgangurinn – er keimlíkindaákvæðinu ætlað að „stemma stigu við því að hægt sé að sniðganga áfengisauglýsingabann". Þá er væntanlega átt við að hægt verði að banna til dæmis Carlsberg-bjór í Ríkinu ef innflytjandi hans leyfir sér að auglýsa óáfengan Carlsberg-pilsner.

Samtök fyrirtækja sem hafa gefið umsögn um frumvarpið, Félag atvinnurekenda, Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð, hafa fært fyrir því rök að „keimlíkindaákvæðið" standist hvorki EES-samninginn né ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnu- og tjáningarfrelsi. Mjög sennilega er hvort tveggja rétt, enda hefur efnahags- og viðskiptanefnd þingsins efasemdir um þetta ákvæði ef marka má ummæli Frosta Sigurjónssonar formanns hennar í Fréttablaðinu í gær.

Hitt er þó mergurinn málsins að með þessum æfingum fjármálaráðuneytisins er verið að reyna að viðhalda auglýsingabanni á áfengi, sem er svo augljóslega alveg handónýtt og heldur engan veginn. Áfengisauglýsingar blasa alls staðar við íslenzkum neytendum; í erlendum blöðum og tímaritum sem flutt eru til landsins, á erlendum sjónvarpsstöðvum sem við horfum á, á íþróttaviðburðum sem íslenzkar sjónvarpsstöðvar senda út frá, á samfélagsmiðlum og erlendum vefsíðum sem eru meðal þeirra mest notuðu á Íslandi. ÁTVR auglýsir sjálf vínbúðir sínar og vörur.

Að reyna að stoppa í götin á auglýsingabanninu kemur í raun aðeins niður á innlendum framleiðendum áfengis; auglýsingar um erlendu vörumerkin munu áfram eiga greiðan aðgang að íslenzkum neytendum eftir áðurnefndum leiðum.

Leiðin út úr þessari vitleysu er að gera eins og ýmis nágrannaríki hafa gert; að leyfa áfengisauglýsingar, en með ströngum skilyrðum eins og t.d. að þeim fylgi upplýsingar um skaðsemi áfengis, að þeim sé ekki beint að börnum og þar fram eftir götunum.

Það væri miklu nær að fjármálaráðherrann og þingnefndin tækju slíka stefnu en að halda áfram eftir blindgötu auglýsingabannsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

„STÓRSKEMMTILEG BÓK FYRIR STRÁKA!"
ARI ELDJÁRN GRÍNISTI


EFTIR HÖFUND METSÖLUBÓKANNA STELPUR!
BJARNI FRITZSON OG KRISTÍN TÓMASDÓTTIR
VERÖLD

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fórnar sér í skítverkin

Það var fjör á þingi í gær og óundirbúnar fyrirspurnir óvenju líflegar. Árni Páll Árnason ræddi um fyrirhugaða skerðingu barnabóta. Þingheimur varð hins vegar kjaftstopp þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra steig í pontu og sló málið út af borðinu. „Ég geri ekki ráð fyrir að nein skerðing verði á barnabótum þegar niðurstaða fjárlagavinnunnar liggur fyrir," sagði forsætisráðherra. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði að Vigdís Hauksdóttir hefði greint frá skerðingu barnabóta í fjölmiðlum og sagði ótrúlegt að forsætisráðherra hefði ekki einu sinni döngun í sér til að þess að verja sinn duglega þingmann. „Háttvirtur þingmaður fórnar sér í skítverkin fyrir hæstvirtan forsætisráðherra sem kemur hér og afneitar þingmanninum, formanni fjárlaganefndar."



### Sótt til Malaví og Úganda

Katrín Jakobsdóttir tók Gunnar Braga Sveinsson á beinið og spurði hvort það gæti verið að það ætti að skerða framlög til þróunarsamvinnu. Þrátt fyrir allt væri þjóðin rík og hefði efni á að styrkja fátækustu þjóðir heims. Gunnar Bragi svaraði þingmanninum með örstuttri ræðu. Viðurkenndi að það ætti að skera niður og sagði að peningarnir yrðu meðal annars notaðir í heilbrigðiskerfið. Katrín taldi að það hefði frekar átt að ná í peningana til útgerðarinnar, það væri ekki stórmannlegt að rík þjóð sækti þessa peninga til Malaví, Mósambík eða Úganda.



### Í þágu vinnandi fólks

Guðmundur Steingrímsson, Bjartri framtíð, kvartaði sáran yfir seinagangi ríkisstjórnarinnar, það styttist til jóla og enn væri margt órætt. Nú væri verið að ræða að mæta fjárþörf í heilbrigðiskerfinu með því að skera niður í þróunaraðstoð, hugsanlega barnabótum og vaxtabótum. Guðmundur sagði að það myndi Björt framtíð aldrei gera og vildi að Bjarni Benediktsson rökstyddi þá forgangsröðun. Ráðherra svaraði að ríkisstjórnin forgangsraðaði í þágu vinnandi fólks, aldraðra og öryrkja. Ef marka má frammíköll minnihlutans var stjórnarandstaðan aldeilis ekki sammála.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Falleinkunn Orkustofnunar

ORKUMÁL



**Sif Konráðsdóttir**
lögfræðingur

Árið 2011 bað iðnaðarráðuneytið norsku orkustofnunina, NVE, um að gera úttekt á starfsemi Orkustofnunar. Tilefnið var breytt lagaumhverfi og nýtt hlutverk sem fengið var Orkustofnun; eftirlit. Raforkueftirlit Orkustofnunar fékk falleinkunn í úttekt norsku systurstofnunarinnar. Eftirlitið var afar veikburða. Lagðar voru til úrbætur.

Í liðinni viku gaf Orkustofnun út leyfi til Landsnets til að byggja ákaflega öfluga raflínu um Reykjanes, svokallaða Suðvesturlínu. Starfssvæði Landsnets er Ísland. Andmæli komu gegn því að svo öflugt mannvirki þyrfti suður með sjó og bent var á vægari leiðir að því markmiði að tryggja raforkuöryggi. Þau andmæli lét Orkustofnun ekki á sig fá en samþykkti í einu og öllu það sem Landsnet lagði fram. Oft er þó rökstuðningurinn rýr og á stundum alveg óskiljanlegur.

Á það t.d. við um það þegar Orkustofnun endurtekur upptalningu Landsnets á öllum mögulegum virkjunarkostum skv. rammaáætlun auk núverandi uppsetts afls á Reykjanesi og heldur því fram að til að flytja allt það hugsanlega afl í einhverri óskilgreindri framtíð þá verði að leyfa hina öflugu línu. Þar er ruglað saman hugsanlegri getu til að virkja annars vegar og hins vegar þörfinni fyrir allt rafmagnið í skilgreindri framtíð. Ekki hefur verið sýnt fram á þörfina.

**➜ Meðal þess sem Orkustofnun á að gæta að er að ekki séu reist flutningsmannvirki sem ekki er þörf á. Þetta er nauðsynlegt eftirlit, þar sem fjárfestingum Landsnets er veitt út í gjaldskrá án aðhalds markaðarins.**

Meðal þess sem Orkustofnun á að gæta að er að ekki séu reist flutningsmannvirki sem ekki er þörf á. Þetta er nauðsynlegt eftirlit, þar sem fjárfestingum Landsnets er veitt út í gjaldskrá án aðhalds markaðarins. Til að gegna þessu hlutverki þarf Orkustofnun að leggja sjálfstætt mat á þörf fyrir mannvirki. Það gerði hún ekki í tilviki Suðvesturlínu. Hún rækti því ekki lögbundið eftirlitshlutverk sitt. Þær úrbætur sem lagðar voru til í skýrslu norsku stofnunarinnar árið 2011 hafa því annaðhvort ekki verið gerðar eða ekki borið tilætlaðan árangur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Skortur á sæmdartilfinningu?

**PRÓUNARAÐSTOÐ**



**Jón Kalman Stefánsson**
rithöfundur

Orð okkar og gerðir lýsa innra manni; Bjarni Benediktsson vill skerða framlög til þróunarmála, stórlega, og sækja þangað fjármuni í heilbrigðiskerfið. Samt höfum við Íslendingar aldrei, jafnvel ekki í mestu góðærum, staðið við alþjóðlegar skuldbindingar um framlög til þróunarmála. Ekki nóg með það; við höfum ævinlega verið í hópi þeirra sem verja hlutfallslega hvað minnstum fjármunum í þennan málaflokk. Og þrátt fyrir það eigum við hugsanlega heimsmet í kaupum á dýrum rafmagnstækjum; tveir af hverjum þremur Íslendingum eiga til dæmis snjallsíma. Í Mósambik, einu þeirra landa sem við höfum aðstoðað, deyja rúmlega 100 af hverjum þúsund börnum fyrir eins árs aldur. Hér á Íslandi fæðast um 4.500 börn á ári – ef við ættum við sama harm að etja og fólkið í Mósambik, þá létust á hverju ári rúmlega 450 íslensk börn áður en þau næðu 12 mánaða aldri. Það er eins og samanlagður íbúafjöldi Búðardals og Raufarhafnar myndi þurrkast út. Á einu ári.

Að dæma börn til dauða í Afríku svo heilbrigðiskerfið hér á Íslandi fái meiri fjármuni; er það virkilega svona sem Bjarni Benediktsson horfir á heiminn? Og félagar hans í Sjálfstæðisflokknum? Og samstarfsmenn hans í Framsóknarflokknum? Það vantar vissulega fjármuni í heilbrigðiskerfið, sárlega svo, og ákvörðun hans væri skiljanleg ef þjóðfélaginu væri að blæða út; hungurdauði, borgarastyrjöld, sár fátækt, svimandi atvinnuleysi – en svo er ekki. Við eigum vissulega við vandamál að etja, en vandamál Íra eru til að mynda engu minni, þau eru að líkindum talsvert stærri, og samt leggja Írar hlutfallslega langtum meira til þróunarmála en við. Erum við þá kaldlyndari, sjálfhverfari þjóð?

**Ekkert réttlætir**

Það er sama hvaða mælikvarða við notum: ekkert getur réttlætt það að gjalda jáyrði sitt við þessum niðurskurði. Eða afsakað. Hæpið að útskýra með vanþekkingu, allar upplýsingar um sára neyð þjóðanna liggja fyrir, tölur um barnadauða, of lítið læsi, litla möguleika til menntunar, vont aðgengi að hreinu vatni. Bjarna og hans fólki hefði verið í lófa lagið að sækja fjármuni fyrir heilbrigðiskerfið annað, stærstu sjávarútvegsfyrirtækin skila til dæmis geysilegum hagnaði; samt var það alfyrsta verk þessarar stjórnar að kippa til baka hugmyndum um veiðigjaldið. Flýttu sér svo mikið í því máli að það var eins og sjávarútvegurinn væri í stórri hættu. Og hagfræðingar á borð við Jón Steinsson hafa bent á, að ef réttlætisjónarmið séu höfð að leiðarljósi við leigu á makrílkvóta, þá liggi miklar fjárhæðir þar. Svo miklar að það væri bæði hægt að hækka framlög til heilbrigðiskerfisins og þróunarmála!

**➜ Margir þingmenn stjórnarflokkanna eru ungir, og þeir eiga ung börn. Geta þeir samþykkt tillögu Bjarna Benediktssonar, farið síðan heim, horft kinnroðalaust í augu barna sinna – vitandi það að þeir hafi verið að samþykkja ef ekki dauðadóm yfir börnum í fjarlægum löndum, þá þverrandi möguleika þeirra til að eignast mannsæmandi líf?**

Við Bjarni Benediktsson munum seint verða sammála í þjóðfélagsmálum, en eitt hljótum við að geta sameinast um, og það er löngunin til að sýna góðmennsku. Löngunin að gera heiminn að betri stað. Og það er ekki góðmennska að skera niður framlög til þróunarmála. Það er ekki leiðin að betri heimi. Það er eitthvað allt annað. Það er eiginlega andstæða þess, það er kuldi sem er hugsanlega annað orð yfir grimmd; það er háskalegur skortur á sæmdartilfinningu.

Margir þingmenn stjórnarflokkanna eru ungir, og þeir eiga ung börn. Geta þeir samþykkt tillögu Bjarna Benediktssonar, farið síðan heim, horft kinnroðalaust í augu barna sinna – vitandi það að þeir hafi verið að samþykkja ef ekki dauðadóm yfir börnum í fjarlægum löndum, þá þverrandi möguleika þeirra til að eignast mannsæmandi líf?

# Betur má ef duga skal!

**RÍKISÚTVARPIÐ**



**Anna Sigríður Þráinsdóttir**
málfarsráðunautur RÚV



**Sigríður Hagalín Björnsdóttir**
varafréttastjóri RÚV

Rannveig Magnúsdóttir sendi Ríkisútvarpinu þarfa brýningu í Fréttablaðinu 6. desember sl. og krafði okkur svara við því hvers vegna ekki væru fleiri dagskrárliðir en raun ber vitni sendir út með texta á 888-síðu textavarpsins.

Því er fyrst til að svara að nær allir þættir Ríkisútvarpsins, sem teknir eru upp fyrirfram, eru sendir út með 888-texta, þ.m.t. Kiljan. RÚV átti frumkvæði að því að hefja samtímatextun sjónvarpsfrétta, og fjárfesti í hugbúnaði, þjálfun og starfskröftum til þess á síðasta ári. Samtímatextunin hófst 13. mars sl., sama dag og ný lög um RÚV voru samþykkt á Alþingi, þar sem kveðið er á um slíka textun. Markmiðið var ekki síst að allir umræðuþættir og fréttaskýringar í aðdraganda síðustu alþingiskosninga yrðu send út með samtímatextun, og það tókst.

Eftir standa aðrir dagskrárliðir sem sendir eru út í beinni útsendingu, eins og Kastljós, Útsvar og Sunnudagsmorgunn. Þar hittir gagnrýni Rannveigar beint í mark – því enn hefur ekki tekist að finna leiðir til að senda þá út með samtímatextun í beinni útsendingu. Þeir eru hins vegar textaðir í endursýningu. Ólíkt fréttunum eru þættirnir ekki sendir út eftir tilbúnum handritum, og því getur textunarbúnaðurinn sem notaður er í fréttunum ekki lesið handritstexta þáttanna og breytt honum í 888-texta.

**➜ Þar hittir gagnrýni Rannveigar beint í mark …**

**Tvö ljón í veginum**

Ljónin í vegi samtímatextunar í beinni útsendingu eru fyrst og fremst tvö: Til að texta þætti þar sem viðtöl eru tekin í beinni útsendingu þarf annaðhvort marga rittúlka, sem geta skrifað jafnóðum niður það sem sagt er í þættinum, eða máltæknibúnað sem getur breytt töluðu máli í texta á skjá. Rittúlkar eru enn allt of fáir á Íslandi, og aðeins einn hefur fengist til að sinna samtímatextun fyrir RÚV, í hjáverkum.

Starfshópur RÚV um samtímatextun hefur fundað með fulltrúum Máltækniseturs um þróun talgreiningarkerfis, sem gæti breytt töluðu máli á íslensku í ritað mál. Slík tækni opnaði möguleika til að samtímatexta allt innlent sjónvarpsefni RÚV með hagkvæmum hætti. Þetta merkilega verkefni Máltækniseturs strandar hins vegar á fjárskorti, og verður að teljast óraunhæft að það nýtist áhorfendum RÚV í náinni framtíð.

Við fögnum því að fá tækifæri til að benda á þörfina fyrir fleiri rittúlka og aukna athygli að talgreiningarverkefni Máltækniseturs. Sjálf þökkum við hvatninguna og höldum ótrauð áfram að vinna að því að áhorfendur okkar geti nálgast vandað, textað sjónvarpsefni á RÚV – líka í beinni útsendingu.

# Íslendingar vilja hjálpa sárafátækum

**PRÓUNARAÐSTOÐ**



**Ragnar Schram**
framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna

Við Íslendingar viljum styðja þjóðir sem eru mun fátækari en við á leið þeirra til bættra lífsgæða. Niðurstöður skoðanakönnunar sem MMR gerði fyrr á árinu sýndu að níu af hverjum tíu Íslendingum vilja óbreytt eða aukin framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Þá túlka ég tölur frá ýmsum samtökum sem koma að þróunarsamvinnu einnig í þá veru en tugir þúsunda íslenskra heimila greiða mánaðarlega til slíkrar samvinnu. Það gera þeir t.d. með því að hjálpa með gagnsæjum hætti einu foreldralausu barni svo það fái fjölskyldu og geti stundað nám í góðum skóla og síðar komið að uppbyggingu heimabyggðar sinnar.

Algeng mánaðarleg framlög þessara íslensku heimila eru á bilinu 1.000–5.000 krónur. Mörg heimilin búa við þröngan fjárhag og neita sér um einhver gæði til að geta hjálpað þeim sem miklu minna eiga, því vilji er stundum allt sem þarf.

**Vilji er allt sem þarf**

Íslendingar hafa ítrekað lýst því yfir að þeir vilji veita 0,7% af þjóðartekjum til þróunarsamvinnu. Í dag er hlutfallið 0,26%. Ef um einstakling með meðaltekjur væri að ræða samsvaraði það tæplega 2.000 krónum á mánuði. Sem betur fer eru þeir ekki margir sem gætu, með snjallsíma í hendi og tískusólgleraugu á nefinu, horft í augu sveltandi manns og neitað um aðstoð.

**➜ Svo þurfum við líka að hjálpa því fólki hér á landi sem býr við sárafátækt. Það er líka vel hægt.**

Við Íslendingar viljum standa við alþjóðlegar skuldbindingar (0,7% af þjóðartekjum) á þessu sviði. Það er vel hægt. En að sjálfsögðu þurfum við að verja fénu þar sem það nýtist best og með gagnsæjum hætti. Það er einnig hægt. Svo þurfum við líka að hjálpa því fólki hér á landi sem býr við sárafátækt. Það er líka vel hægt. Vilji er allt sem þarf. En svo er líka hægt að reisa sér fílabeinsturn og lifa þar góðu lífi við allsnægtir, jafnvel með bundið fyrir augun. Það viljum við ekki.

★★★★★
HRAFN JÖKULSSON / PRESSAN.IS
„Lykilverk á hennar ferli … bráðfyndin líka … stórmerkilegt hjá henni. Bók sem við mælum óhikað með."
Egill Helgason / Kiljan


Áhrifamikil sjálfsævisaga
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is


Gleðilegar gjafir í alla pakka
Mundu eftir jólahandbók Lyfju

Lyfja hefur að bjóða gjafavöru í úrvali fyrir alla fjölskylduna.
Hjá okkur færðu fallegar gjafir sem koma sér ávallt vel.
Hver sem árstíðin er þá höfum við alltaf sama takmark:
Við stefnum að vellíðan.
Lágmúla Laugavegi Nýbýlavegi
Smáralind Smáratorgi Borgarnesi
Grundarfirði Stykkishólmi Búðardal
Patreksfirði Ísafirði Blönduósi
Hvammstanga Skagaströnd Sauðárkróki
Húsavík Þórshöfn Egilsstöðum
Seyðisfirði Neskaupstað Eskifirði
Reyðarfirði Höfn Laugarási
Selfossi Grindavík Keflavík

# Verjum aukinn hlut kvenna í bæjar- og sveitarstjórnum

JAFNRÉTTI



**Eygló Harðardóttir**
félags- og húsnæðismálaráðherra

Um þessar mundir standa allar Norðurlandaþjóðirnar á þeim merku tímamótum að öld er liðin frá því að konur fengu fyrst kosningarétt og kjörgengi til jafns við karla. Við Íslendingar fögnum þessum tímamótum árið 2015. Jafn kosningaréttur og kjörgengi kynja var einn mikilvægasti áfangi lýðræðisþróunar okkar. Þessi réttur felur í sér þau grundvallarmannréttindi að geta haft áhrif og hann endurspeglar sýn okkar á réttlætis- og jafnréttismál. Við Íslendingar viljum halda myndarlega upp á 100 ára afmæli kosningaréttar og nýta tímamótin til að horfa um öxl og ígrunda hvernig þær miklu breytingar sem orðið hafa á sviði jafnréttismála hafa átt sér stað. Við eigum og þurfum að kortleggja þátttöku kvenna í stjórnmálum og greina þá áhrifaþætti sem skýrt geta kynjaskekkjuna sem enn birtist okkur á vettvangi stjórnmálanna.

Hér á landi eru konur nú um 40% kjörinna fulltrúa á sveitarstjórnarstiginu og á Alþingi þar sem þær urðu mest tæplega 43% þingmanna eftir kosningarnar 2009. Áður hafði hlutfall kvenna farið hæst í 35 af hundraði árið 1999. Hlutur kvenna í stjórnmálum hefur vaxið hægt hér á landi og er nú í fyrsta skipti sambærilegur við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Líta ber á þennan árangur sem áfangasigur í átt að því markmiði að ná sem jöfnustu hlutfalli kynja meðal kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Höfum hugfast að þessi árangur hefur ekki náðst af sjálfu sér heldur er hann afrakstur rúmlega 100 ára þrotlausrar baráttu kvenna fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Við vitum af reynslu að við þurfum að halda vöku okkar til að ekki verði bakslag og við eigum að stefna að jöfnum hlut kynjanna þar sem ákvarðanir eru teknar.

Nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga þurfum við að minna á að það er ekki nóg að konum hafi fjölgað á framboðslistum stjórnmálaflokka þegar þeim fækkar hlutfallslega eftir því sem ofar dregur á framboðslistum. Ef markmið okkar er jafnt hlutfall kynja meðal kjörinna fulltrúa þurfa konur að vera til jafns við karla í forystusætunum. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum skipuðu karlar fyrsta sæti á 139 framboðslistum (75%) á meðan konur skipuðu fyrsta sæti á 46 (25%) framboðslistum.

### Ábyrgð flokkanna

Stjórnmálaflokkarnir bera hér mesta ábyrgð. Þeir þurfa að standa vörð um þann árangur sem náðst hefur og jafna hlut kynja enn frekar við stjórn málefna nærsamfélagsins. Það er staðreynd að konur staldra skemur við í stjórnum bæjar- og sveitarfélaga en eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar var hlutfall nýkjörinna sveitarstjórnarkvenna af heildarfjölda kjörinna kvenna 13% hærra en sama hlutfall meðal karla. Þetta er sterk vísbending um að konur staldra skemur við en karlar í sveitarstjórnum en ástæður þessa má rekja til ýmissa þátta sem hafa töluvert með hefðbundið starfsumhverfi sveitarstjórna og viðhorf samfélagsins til hlutverka kynjanna bæði innan og utan stjórnmálaflokka að gera. Hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kynjanna endurspeglast m.a. í nefndaskipan á sveitarstjórnarstiginu þar sem karlar sinna einkum skipulagsmálum og konur velferðarmálum.

Byggðamál þarf að skipuleggja með jafnréttissjónarmið í huga. Stjórnun á vettvangi bæjar- og sveitarstjórnarmála felur í sér mikilvæga þjónustu við almenning, karla og konur. Stefnumótun, umræða og ákvarðanataka um byggðaþróun, skipulagsmál og velferð íbúa sveitarfélaganna á að vera viðfangsefni beggja kynja. Búseta, atvinna og nýsköpun um allt land verða ekki tryggð nema með virkri þátttöku kvenna sem vilja störf sem hæfa háu menntunarstigi þeirra. Þannig er jafn hlutur kvenna og karla þar sem ákvarðanir eru teknar ekki

**→ Stjórnmálaflokkarnir bera hér mesta ábyrgð.**

eingöngu réttlætismál heldur efnahagsleg nauðsyn fyrir byggðirnar í landinu.

Sem ráðherra jafnréttismála hvet ég konur til þátttöku í stjórnmálum og mótun nærsamfélags okkar. Ég höfða einnig til ábyrgðar stjórnmálaflokkanna því vilji þeirra til að fjölga konum í stjórnmálum og sérstaklega í forystusætum framboðslista er afgerandi. Til að vekja máls á mikilvægi jafnrar þátttöku kvenna og karla í sveitarstjórnum eftir komandi sveitarstjórnarkosningar hef ég í samstarfi við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra og nýskipaða framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna boðað til fundar með forystu stjórnmálaflokkanna og forsvarsmönnum kvennahreyfinga þeirra. Ég vona að sá fundur færi okkur nær markmiðinu um jafnan hlut kvenna og karla í íslenskum stjórnmálum.

# „Fólk er fífl“

KJARAMÁL



**Haukur R. Hauksson**
framhaldsskólakennari

Þessi fullyrðing sem sett var fram af ágætismanni fyrir nokkrum árum rifjaðist upp fyrir mér þegar auglýsing frá Samtökum atvinnulífsins birtist okkur nú á skjánum dag eftir dag. Áskorun til hins almenna launþega. Ekki gera neinar launakröfur, allavega ekki yfir 2%, og þá mun allt batna eftir nokkur ár.

Tveir forustumenn SA, þeir Þorsteinn Víglundsson og Björgólfur Jóhannsson, skrifuðu sína greinina hvor í fréttablöðin nú fyrir skömmu.

Starfsgreinasambandið hafði fram kröfugerð þar sem farið var fram á að lægstu laun hækkuðu um 20.000 krónur á samningstímanum svo þau skriðu upp í 210.000 krónur. „Ekki grundvöllur til viðræðna“ var þá yfirskrift svargreinar Þorsteins. „Þetta mundi þýða afturkipp í efnahagslífið og verðbólgan myndi hækka umtalsvert,“ sagði Þorsteinn. Hann talar einnig um launaþróun í öðrum löndum þar sem samið sé um hálft til tvö prósent á ári. Það er trúlega rétt, en ofan á hvaða laun? Almenn laun allt í kring um okkur eru yfirleitt helmingi hærri og þar yfir.

Grein Björgólfs Jóhannssonar ber yfirskriftina „Við eigum val“. Þar leggur Björgólfur áherzlu á „að stilla saman strengi og væntingar allra aðila“. Einnig: „við eigum aðeins eina ábyrga leið til betri lífskjara. Það er að sýna hófsemd.“ Greinin endar svo á þeim orðum að „samtökin (SA) telja sig eiga samleið með þjóðinni um þetta val“. Í beinu framhaldi af þessum hvatningarorðum um hófsemd kom svo auglýsingin fræga frá SA sem birtist okkur nú daglega.

### Tala niður til fólks

Í Verzló hér á árum áður var okkur kennt að ef við keyptum brauðið af bakaranum, í stað þess að baka það sjálf, gæti bakarinn farið með bílinn sinn á verkstæði og þá gæti bifvélavirkinn haldið áfram að byggja húsið sitt. Þannig fær maður hjól atvinnulífsins til að snúast, sagði kennarinn okkar með áherslu. En til þess þarf fólk að hafa tekjur!

Það sem fór virkilega fyrir brjóstið á mér er framsetningin hjá þeim félögum. Við hvaða hóp eru þeir að tala? Eru þeir að tala til hópsins sem fékk kr. 150 þ. til 250 þ. „leiðréttingu“ mánaðarlegra launa sinna og það afturvirkt um nokkur ár? Eða er verið að tala til hópsins sem nær engan veginn endum saman og fjölskyldnanna sem flosna upp vegna álags sem tengist lágum launum?

Að ávarpa hinn almenna launþega með þessu yfirlæti er fram kom í ofangreindum greinum kallast ekkert annað en að tala niður til fólks. Það er ekki fallega gert hjá þeim hópi manna sem sjálfir taka sér margfaldar tekjur hins almenna launamanns að koma því inn hjá fólki að þjóðfélagið fari á hliðina ef það geri kröfur til eðlilegrar afkomu. Þeir sjálfir þurfa yfirleitt ekki að fara í verkfall til þess að ná sínu fram, hvað þá að þeir líti á það sem orsök verðbólgu eða annarrar óáranar.

**→ Það er ekki fallega gert hjá þeim hópi manna sem sjálfir taka sér margfaldar tekjur hins almenna launamanns að koma því inn hjá fólki að þjóðfélagið fari á hliðina ef það geri kröfur til eðlilegrar afkomu. Þeir sjálfir þurfa yfirleitt ekki að fara í verkfall til þess að ná sínu fram...**

# Orðsending til jólasveina og foreldra

SAMFÉLAG-



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri hjá Barnaheillum

Nú nálgast jólin og jólasveinar fara að gera sig tilbúna til bæjarferða með ýmislegt spennandi í pokahorninu í skóinn fyrir börnin. Við Íslendingar látum okkur ekki nægja einn jólasvein eins og flestar þjóðir gera, heldur þrettán sem koma einn af öðrum. Það hljóta að fylgja þessu gjafastússi mikil útgjöld á jólasveinaheimilinu, því svo virðist sem jólasveinarnir séu hættir að búa gjafirnar til sjálfir. Þeir hafa líklega ekki kynnt sér Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, a.m.k ekki 2. grein sáttmálans, því stundum mismuna þeir börnum. Meðan sum þeirra fá mandarínu í skóinn sinn, eða jafnvel ekkert, fá önnur rándýr leikföng eða tæki. Ungur maður trúði mér fyrir því að hann hefði eitt sinn verið að leik með vini sínum allan daginn og þeir báðir hegðað sér óskaplega vel, en næsta dag kom í ljós að sveinki hafði mismunað þeim all verulega. Honum sárnaði út í jólasveininn.

### Kæru jólasveinar

Mig langar að biðja ykkur að hætta að mismuna börnum. Mig langar líka að segja ykkur að börn tala saman og bera sig saman hvert við annað. Mig langar líka að benda ykkur á að þó ykkur langi að gefa sumum börnum dýra og flotta hluti, þá er óþarfi að íþyngja litlum skóm með stórum gjöfum.

Og þá er komið að okkur foreldrunum. Það er nefnilega svo sérstakt að það virðast vera sömu börnin sem fá stóru og dýru jólagjafirnar frá foreldrum sínum og fengu þessar stóru í skóinn.

**→ Mig langar að biðja ykkur að hætta að mismuna börnum.**

### Kæru foreldrar

Við viljum öll gera börnunum okkar vel og þó við höfum efni á því að gefa stórar gjafir, þá er það ekki stærðin og verðmiðinn sem skiptir öllu máli. Við berum ábyrgð á því að kenna börnunum að meta þær gjafir sem þau fá og eitt besta veganesti sem við gefum þeim út í lífið er að þau þurfi að hafa eilítið fyrir hlutunum. Ef við gefum þeim of mikið, of snemma, erum við yfirleitt ekki að uppfylla þeirra eigin þarfir, heldur okkar sjálfra. Ofdekur getur auk þess verið ein birtingarmynd vanrækslu, sem við viljum auðvitað ekki gerast sek um.

Munið líka að börnin okkar eru í samfélagi annarra barna. Þarna úti eru börn sem fá litlar, eða jafnvel engar jólagjafir. Þetta eru líklega sömu börnin og fengu lítið sem ekkert frá jólasveinunum. Þið megið líka hugsa til þessara barna og gauka einhverju að þeim. Þið megið líka hugsa til Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, sem nú eru að skoða málefni barna sem búa við fátækt, en þau telja næstum 9.000 börn hér á landi. Með því að fara inn á www.jolapeysan.is getið þið styrkt verkefnið með áheitum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu starfi samtakanna. Öll börn eiga að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum og ekki má mismuna þeim sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar að sjá til þess að öll börn geti lifað með reisn. Hjálpumst að við að gera öllum börnum aðventuna og jólin ánægjuleg.

ÁHRIFARÍKAR BÆKUR SEM VEKJA LESENDUR TIL UMHUGSUNAR

Æsispennandi bók sem þú leggur ekki frá þér




Sönn saga

Dóttirin
Hannah Shah

Falleg og skemmtileg bók fyrir börn á öllum aldri




Draumaeyjan
Hermann Ingi Ragnarsson

SALT



## MENNING Í HANNESARHOLTI

**Menningarkvöld verður í Hannesarholti annað kvöld kl. 20. Þar leiða saman hesta sína rithöfundarnir Andri Snær Magnason, Vigdís Grímsdóttir, tenórinn Gissur Páll Gissurarson og djasstríó Árna Heiðars Karlssonar. Hannesarholt er á Grundarstíg 10. Í hléi verður boðið upp á jólaglögg og piparkökur.**

Lionssalurinn Lundur
• Jólahlaðborð
• Árshátíðir
• Þorrablót
Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

White-Westinghouse – amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara



2 FYRIR 1
af skötuhlaðborði á kvöldin frá 11. desember og hádegi og kvöldin 21.-22. desember gegn framvísun þessa miða. Gildir ekki á Þorláksmessu, 23. desember. Aðeins 2.800 kr. fyrir tvo.

# TVEGGJA VIKNA SKÖTUVEISLA

**SJÁVARBARINN KYNNIR** *Hin árlega skötuveisla á Sjávarbarnum við Grandagarð stendur í þrettán daga þetta árið. Íslendingar eru vitlausir í kæsta skötu.*

Í dag kyndir Magnús Ingi Magnússon undir skötupottunum á Sjávarbarnum og þar með hefst árleg skötuveisla hans sem margir bíða eftir með eftirvæntingu. Hann og hans fólk stendur svo yfir pottunum þar til allir eru orðnir mettir á Þorláksmessukvöld.

„Fólk er sólgið í sköötuna og við höfum því sífellt verið að færa okkur framar í desember," segir Magnús Ingi og fullyrðir að bæði sjóað fólk og viðvaningar fái sköötu við sitt hæfi, en hann verkar hana sjálfur. „Við bjóðum upp á miskæsta skötu – milda, miðlungs og sterka – kæsta tindabykkju, hefðbundna skötustöppu og einnig nýmóðins með hvítlauk, saltfisk, plokkfisk, síldarrétti, grafinn lax og karfa og fjölbreytt meðlæti. Þar ber kannski hæst sérverkaðan hnoðmör frá Hafsteini bónda Guðmundssyni í Flatey, sá sterkari er fiðraður sem kallað er."

Hefðbundið sjávarréttahlaðborð víkur fyrir skötunni á kvöldin frá og með 11. desember en í hádeginu er hægt að panta sér skötu. Föstudaginn 20. desember tekur skatan svo öll völd og verður á hlaðborði frá kl. 11.30 þann dag, laugardaginn 21., sunnudaginn 22. og á Þorláksmessu. Stærri hópar þurfa að panta borð og einstaklingar og minni hópar ættu að hafa það í huga fyrir Þorláksmessu og helgina á undan.

Verðið á skötunni er í lágmarki, 2.800 kr. á mann, en nánari upplýsingar er að finna á vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is.



**ILMANDI SKATA** Skata með öllu tilheyrandi á Sjávarbarnum. MYND/GVA

Ferðaáætlun
Ferðafélags Íslands 2014
Birtist á heimasíðu FÍ
fimmtudaginn 12. desember
www.fi.is
FÍ
Skráðu þig inn – drífðu þig út
Ferðafélag íslands • www.fi.is • fi@fi.is • Sími 568 2533


NÝ SENDING AF JÓLAFÖTUM!
ÚTSALA HAFIN Á ÚLPUM
BASLER
Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Við bjóðum frábært verð
Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:
Umfelgun á fólksbíl 4990.-
Umfelgun á smájeppa 5990.-
VDO Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Meiri orka í desember

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna Nitric Oxide. **SUPERBEETS** örvar Nitric Oxide framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að 30% æðaútvíkkun, 30% meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, 20% meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.
**Hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, þynnku, astma, lungnaþembu. Ríkt af andoxunarefnum.







Rauðrófukristall

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt 30 daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni. Bætt blóðflæði 30 min eftir inntöku.

**Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur**
Hvað gerir VIAGRA - SILDENAFIL The release of nitric oxide molecules causes erection.
**Fæst í apótekum, heilsubúðum, World Class og Sportlíf**

Stingur keppinautana af



Umboð: www.vitex.is








BetterYou™
Eins og náttúran hafði í hyggju

MagnesiumOil
Sport
Spray

Færðu oft harðsperrur eða vöðvakrampa?

- Fyrirbyggir harðsperrur og vöðvakrampa
- Flýtir fyrir endurheimt vöðva eftir æfingar
- Borið beint á vöðvana og virkar strax
- Frábær upptaka




PRENTUN.IS

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is og á Facebook síðunni Better You Ísland

Fæst í flestum apótekum, Lifandi Markaði, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup, Crossfit Reykjavík, Crossfit Hafnarfirði, Systrasamlaginu og TRI Suðurlandsbraut




# GULLNA LANDIÐ

**ÆVINTÝRALAND** *Gullin hlið Búrma lokuðust ferðamönnum 1962. Þau hafa nú opnast á ný og fyrsti hópur íslenskra ferðalanga heldur til Búrma í mars.*

Búrma er dulúðugt og ægifagurt ævintýraland með litríkt og sérstætt mannlíf," segir fararstjórinn Inga Ragnarsdóttir, sem í byrjun mars ætlar með fyrsta hóp Íslendinga til Búrma, eða Myanmar, eins og landið heitir nú.

Búrma var eitt af ríkustu og framsæknustu löndum Austur-Asíu fram til ársins 1962 að pólitísk harðstjórn einangraði landið nær fullkomlega fyrir vestrænum áhrifum.

„Margt framandi ber fyrir vestræn augu í Búrma," segir Inga. „Ríkistrú er búddismi og hefð fyrir því að hver og einn karl eyði að minnsta kosti einu ári í klaustri á lífsleið sinni. Hvarvetna má sjá munka ganga um betlandi með skálar sínar en þeir lifa á matargjöfum almennings. Á sama tíma eru þeir ákaflega sterkt afl í Búrma og hafa meðal annars staðið fyrir friðsamlegum mótmælum gegn herstjórninni."

Inga segir engan persónugera Búrma betur en handhafa friðarverðlauna Nóbels, Aung San Suu Kyi, sem er heimsbyggðinni ógleymanleg fyrir mikla persónutöfra og hógværð.

„Aung San Suu Kyi er tákn Búrma og fyrirmynd friðarsinna líkt og Nelson Mandela varð eftir að hann losnaði úr fangelsi. Hún losnaði úr fimmtán ára stofufangelsi 2010 og fékk friðarverðlaun Nóbels 1991 en fékk þá ekki að taka á móti þeim innilokuð í stofufangelsi."

### NÁÐ Í SKOTTIÐ Á GAMLA TÍMANUM

Búrma opnaðist umheiminum að nýju fyrir þremur árum og Inga hlakkar mikið til að skoða menningarminjar, land og þjóð.

„Náttúra Búrma er stórkostlega fögur og gróðursældin mikil og sérstæð. Til dæmis vaxa þar um 250 tegundir orkídea og 500 trjátegundir. Við förum að Shwedagon, gullslegnu hofi í Rangún, skoðum vatnaþorp á hinu fagra Inle-vatni í Shna-fjallahéraði, 3.000 hofa-sléttuna í Bagan og ferðumst um sveitir Búrma í lest, hjólavögnum og bátum," segir Inga, sem hlakkar mest til að fara á eldfjallið Popa.



**SHWEDAGON** Gullslegið Shwedagon-hofið er meðal áfangastaða í Búrma.

„Popa er kulnað eldfjall og einn helgasti staður Búrma. Þangað má ekki fara í skóm og því göngum við berfætt upp tröppur fjallsins. Síðustu dagana dveljum við svo í Mandalay, síðustu keisaraborginni sem féll þegar breska heimsveldið tók völdin um miðja nítjándu öld í „Gullna landinu", eins og Búrma er oft nefnt," upplýsir Inga sem hvetur ferðalanga til að upplifa töfra Búrma áður en vestræn áhrif ná að breyta þar takti mannlífs og menningar.

„Nú er einstakt tækifæri að upplifa andstæður Búrma í samanburði við efnishyggjuna sem einkennir líf Vesturlanda. Að sumu leyti er það eins og að komast aftur í tímann en allt á það eftir að breytast hratt. Margt í Búrma nútímans er fornt og upprunalegt, eins og handverk og listir, og einstakt að verða vitni að því hvernig landbúnaður og fiskveiðar eru stunduð með sama hætti og fyrir hundruðum ára í Búrma."

Bændaferðir sjá um skipulagningu ferðarinnar til Búrma. Bóka þarf sæti í ferðina fyrir lok árs.

**Sjá nánar á www.baendaferdir.is**

■ thordis@365.is



**POPA** Eldfjallið Popa er einn helgasti staður Búrma.



**MUNKAR** Barnungir munkar að tilbiðja búddalíkneski.



**TILHLÖKKUN** Inga Ragnarsdóttir verður fararstjóri í ferðinni til Búrma og hlakkar mikið til. MYND/STEFÁN

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Elizabeth Arden
NEW YORK

Byrjaðu strax í dag, gefðu húðinni aukið vítamín og hún viðheldur æskuljóma sínum.

Ceramide Gold ambúlurnar
gefa húðinni aukið „boost"
Kröftug og áhrifarík meðferð
fyrir andlit og háls.
Með hjálp náttúrulegra efna
þéttist húðin og lyftist.




**Kynning miðvikudaginn 11. desember í Reykjavíkur Apóteki**
Sérfræðingur verður á staðnum og mun veita faglega ráðgjöf.
**20% afsláttur** af öllum vörum frá Elizabeth Arden og völdum vörumerkjum frá miðvikudegi til laugardags 14. desember.

NIP+FAB
Rihanna
GOSH COSMETICS
BRITNEY SPEARS™
VERSACE

Reykjavíkur Apótek

Reykjavíkur Apótek Seljavegi 2 101 Reykjavík Afgreiðslutími: Mánudaga – föstudaga 9–18.30, laugardaga 10–16

# FÁTÆKT

Ég gat kannski alveg farið í afmæli, en ég gat ekki gefið afmælisgjafir. Mér leið mjög minnimáttar.

*12 ára drengur í Reykjavík*

Það er erfitt að vera fátækur. Maður upplifir skömm og minnimáttarkennd og líður eins og maður sé ekki jafn góður og hinir, af því maður hefur ekki peninga fyrir öllu því góða.

*13 ára drengur á Vesturlandi*

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Styrktu verkefni Barnaheilla
og sendu SMS með textanum **„jol“** í síma
**903 1510 - 903 1520 - 903 1550**
fyrir 1.000, 2.000 eða 5.000 krónur.
**www.jolapeysan.is**






# TURNINN HELDUR KIRKJUNNI OPINNI

**HORFT YFIR BORGINA** *Um hálf milljón gesta heimsækir Hallgrímskirkju árið 2013 og yfir hundrað þúsund þeirra fara upp í turninn til að berja borgina augum frá nýju og skemmtilegu sjónarhorni.*

Fjölgunar ferðamanna gætir víða. Til að mynda í Hallgrímskirkju sem er orðinn fastur viðkomustaður túrista í borginni en turn kirkjunnar nýtur einnig síaukinna vinsælda. „Árið 2011 borguðu um 80 þúsund gestir sig upp í turninn, í fyrra fóru 96 þúsund upp í turninn og fyrsta október á þessu ári höfðu 100 þúsund gestir þegar skoðað útsýnið þaðan. Við gerum því ráð fyrir rúmlega hundrað þúsund gestum þetta árið,“ segir Jónanna, Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, en miðað er við þá þumalfingurreglu að um fjórðungur af gestum kirkjunnar fari upp í turninn. „Gestir Hallgrímskirkju þetta árið verða því líklega um hálf milljón,“ upplýsir hún.

Flestir gestir kirkjunnar koma til að skoða kirkjuna sjálfa, í helgihald og ekki síst til að hlýða á tónleika, en í kirkjunni er haldinn fjöldi tónleika sem ferðamenn sækja í. „Sérstaklega á sumrin þegar við erum með það sem kallast Alþjóðlegt orgelsumar, en þá erum við með fjóra konserta á viku,“ segir Jónanna og bætir við að hádegistónleikarnir, sem séu aðeins hálftími að lengd, mælist mjög vel fyrir meðal ferðamanna. „Fólk vill upplifa orgelið og tónlist í kirkjunni en nennir ekki að eyða of miklum tíma í það,“ segir hún.

Dágóðar tekjur fást af turnferðum ferðamannanna, að sögn Jóhönnu. „Turninn heldur kirkjunninni opinni enda eru fæstar kirkjur sem eru opnar frá 9 til 17 alla daga, og frá 9 til 21 á sumrin, eins og við,“ segir hún en tekur þó fram að tekjurnar fari í launakostnað og viðhald á turni og kirkju.

**DÁST AÐ SNÆFELLSJÖKLI**

Hreiðar Ingi Þorsteinsson kirkjuvörður hittir marga þá sem upplifa útsýnið úr turni Hallgrímskirkju. „Fólk er yfirleitt mjög ánægt þegar það kemur niður. Það minnist sérstaklega á Snæfellsjökul sem því þykir ofboðslega fallegur, sérstaklega þegar sólin er að setjast og jökulinn ber við himininn,“ segir Hreiðar Ingi en fólk nefnir einnig hve gaman sé að sjá borgarljósin og fjöllin í baksýn. Þá minnist fólk oft á litadýrð húsanna í 101.

„Fólk spyr okkur kirkjuverðina mikið út í það sem fyrir augu ber. Það er hissa á þessari hálfu Perlu og vill vita meira. Ég reyni að svara eftir bestu getu,“ segir hann brosandi og bætir við að kirkjan breytist á stundum í hálfgerða túristamiðstöð. „Þegar fólk er komið á spjall við mann fer það að spyrja meira. Margir segjast þá vera í borginni í einn til þrjá daga og vilja fá ráðleggingar um hvað sé skemmtilegast að skoða meðan á dvölinni stendur.“



Hreiðar Ingi segir marga koma sérstaklega til að fara upp í turninn enda séu margir ferðamenn með handbækur sem tiltaki turninn sem áfangastað, hvað kosti í hann og hvenær hann sé opinn. Aðrir komi til að skoða kirkjuna og ákveði í framhaldinu að fara upp í turninn. „Margir taka við sér þegar þeir heyra að hægt sé að taka lyftu upp,“ segir Hreiðar Ingi glettinn.

Gestir turnsins eru þó misjafnir eins og gengur og gerist. „Ég man eftir því þegar viðgerðirnar á turninum stóðu yfir. Þá urðum við að loka fyrir útsýnið til þriggja átta og því aðeins hægt að horfa í eina átt. Nokkrir Þjóðverjar sem höfðu borgað sig inn komu fremur óánægðir aftur niður úr turninum og kröfðust þess að fá endurgreidda þrjá fjórðu hluta gjaldsins, og við gerðum það,“ segir Hreiðar Ingi og hlær. ■ **solveig@365**

**ÚTSÝNIÐ** Útsýni er til allra átta úr Hallgrímskirkjuturni. Í góðu skyggni sést upp á Snæfellsnes og vekur Snæfellsjökull mikla lukku meðal ferðamanna. MYND/VILHELM

## ATH!

Turninn er opinn frá 9 til 17 alla daga en frá 9 til 21 á sumrin. Aðgangseyrir er 700 krónur fyrir fullorðna en 100 krónur fyrir börn, 7 til 14 ára.


JÓLASPRENGJA FLASH
Í dag er 11.12.13.
11+12+13 = 36
36% afsláttur af öllum vörum aðeins í dag
Ótrúlegt úrval af jólakjólum
Opið í dag 10-21
36% afsláttur aðeins í dag
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Fleiri myndir á Facebook

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI


Bílalíf



**TILBOÐ 3.690.000.-**
M.BENZ SPRINTER 313 CDI 4X4 9 MANNA.Árg. 2005,ek. aðeins 135.þ km,5 gírar, einn eigandi, lítur sérlega vel út, er á staðnum. Rnr.104035. S:562-1717,866-9633.



**TILBOÐ 1.990.000.-**
FORD F150 SUPER CREW 35".Árg 2005,ek.147.þ km, sjálfskiptur,pallhús,ný upptekinn skipting,er á staðnum. Rnr.104002.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

bílaland

**Bílaland, B & L**
**Breiðhöfða og Klétthálsi 11, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.bilaland.is**

bilfang.is
S.567 2000



**DIESEL DIESEL !**
M-Benz C 200 CDI Avantgarde Diesel 03/2012 sjálfskiptur ek 30 þ.km Glæsilegur og vel búinn bill ny vetrardekk verð 6290 !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Lynx 600rs. Árgerð 2008 120" Ekinn 2300km Verð 890.000.- Tilboðsverð 790.000.-



Polaris sks 800 Árgerð 2003 144" Rafstart & töskur Ekinn 4500 km Verð 490.000.-



Lynx Xtrim 800 Árgerð 2008 144" Rafstart,neglduг,stýrishækkun. Ekinn 5200 km Verð 990.000.- Tilboð 790.000.-



Ski Doo MXZ 800 etec Árgerð 2013 120" Nýr sýningarsleði rMotion, handahlífar ofl. Verð 3.190.000.- Tilboðsverð 2.650.000.-

**Ellingsen**
**Fiskislóð 1, 101 Reykjavík**
**http://www.ellingsen.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



SUBARU Forester. Árgerð 2010, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.160332. VERÐ NÚ kr: 2.790.000,-



MERCEDES BENZ B 180 cdi blue efficiency. Árgerð 2012, ekinn 22 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.990670.



KIA Sorento. Árgerð 2010, ekinn 61 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.140904.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bílaplan.is



Verið velkomin í verslun okkar • opið mán-fös 8.30 -17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# Kalla fram bros hjá börnum í neyð

Frægir leggja UNICEF lið við að vekja athygli á sönnum gjöfum fyrir jólin. Sannar gjafir eru lífsnauðsynleg hjálpargögn fyrir bágstödd börn. Gjöfunum sem fólk kaupir í vefverslun UNICEF er dreift til barna og fjölskyldna þeirra í samfélögum þar sem þörfin er mest.



**Ég vann sjálf um tíma í hjálparstafi í Mósambík og hef séð með eigin augum hvað malaría er mikill vágestur. Ég valdi moskítónet því þau eru besta forvörnin gegn malaríu. Tölfræðin segir okkur að á hverri mínútu falli að minnsta kosti eitt barn í valinn vegna hennar. Fyrir aðeins rúman 2.500 kall er hægt að kaupa fimm stykki!**

*Brynja Þorgeirsdóttir dagskrárgerðarkona*

Ein fyrirbyggjandi leið til að koma í veg fyrir malaríusmit er að dreifa moskítónetum sem fólk sefur undir, í skjóli fyrir flugunum sem bíta helst á kvöldin og á nóttunni. **Fimm net kosta 2.588 krónur.**



**Á Íslandi erum við svo heppin að geta alltaf fengið hreint vatn. Með einni svona vatnshreinsitöflu er hægt að hreinsa fimm lítra af vatni og gera það drykkjarhæft. Það finnst mér vera góð gjöf.**

*Hilmar Guðjónsson leikari*

Fimm þúsund vatnshreinsitöflur kosta **8.372 krónur og búa til 25.000 lítra af drykkjarvatni.**

**Ég vel næringarmjólkina. Ég er sjálf nýbökuð móðir og ég má ekki til þess hugsa að ungbörn fái ekki næringu. Ég legg mitt af mörkum til að hjálpa til.**

*Gunna Dís útvarpskona*



Næringarmjólkin er orkurík þurrmjólk sem er sérstaklega þróuð til að meðhöndla allra veikustu börnin á næringarmiðstöðvum og sjúkrahúsum. **Tuttugu lítrar af næringarmjólk kosta 4.489 krónur.**



**Ég vel mótorhjól því það er svo mikið rokk og ról!**

*Björn Thors leikari*

Mótorhjól er kannski ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann sem eitthvað sem fátækari samfélög hafa þörf fyrir. Raunin er sú að skjótur ferðamáti gegnir lykilhlutverki í starfi heilbrigðisstarfsfólks sem þá getur verið fljótara í förum á milli afskekktra þorpa með bóluefni, lyf og lífsnauðsynlega þjónustu. **Eitt mótorhjól kostar 341.874 krónur.**



**Ég vel bóluefni gegn mænusótt. Það einfaldlega bjargar lífi barna!**

*Ebba Guðný, PureEbba*

Engin lyf eru til gegn mænusótt og eina leiðin til að koma í veg fyrir að veikin valdi lömun er bólusetning. Með þessari gjöf er hægt að leggja sitt af mörkum og gefa **fjörutíu bólusetningar fyrir 904 krónur.**

## Gagnslausar gjafir

Samkvæmt könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir UNICEF í fyrra fær meira en fjórði hver landsmaður jólagjöf sem hann vill ekki eða nýtist ekki. Ætla má að hér á landi séu árlega gefnar 155 þúsund slíkar gjafir. Vinnustaðir eru samkvæmt könnuninni líklegastir allra til að gefa gjöf sem ekki nýtist eða fellur ekki í kramið hjá viðtakanda. Fast á eftir fylgja nánir ættingjar.

**Leikur er ómissandi hluti af því að vera barn og þess vegna finnst mér þetta alveg tilvalin gjöf. Ég heimsótti Mósambík árið 2008 og sá þá börn spila fótbolta með heimatilbúnum boltum úr plasti. Svona alvöru fótbolti mun kalla fram bros á andlitum barna sem eiga ekkert en hafa þó alltaf þessa þörf til að leika sér.**

*Ilmur Kristjánsdóttir leikkona*



Fótboltar geta breytt verulega upplifun barna í erfiðum aðstæðum, hvort sem er vegna náttúruhamfara, átaka, flótta eða annars. **Fyrir 3.562 krónur er hægt að gefa hvorki fleiri né færri en fimm fótbolta.**



# Nemendur skreyta jólalegasta grunnskólann

## Grunnskólinn í Bolungarvík leggur mikinn metnað í jólaskreytingar. 491 rúða skreytt með jólamyndum.

„Hver einasta rúða skólans ber jólamynd þessi jólin,“ segir Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri í grunnskólanum í Bolungarvík.

Um er að ræða jólamyndir sem eru eins konar mósaíkmyndir sem hylja allan gluggann. „Við byrjuðum með þessa hefð árið 1981 og þá var bara ein skólastofa sem bar svona jólamynd,“ útskýrir Soffía. Nú eru myndirnar hins vegar orðnar 491. „Við erum með með 491 rúðu sem er skreytt með jólamynd.“

Listaverkin eru gerð af nemendum skólans og mörg þeirra eru orðin talsvert gömul. „Við förum yfir myndirnar strax eftir jólin og gerum við þær myndir sem hafa skemmst eða rifnað,“ bætir Soffía við.

Aðalmyndin er stór og er af Jesú Kristi en hún er eina myndin sem fær alltaf að vera í sama glugganum, „Hún fær alltaf að vera á sama stað, sem er í stórum glugga sem snýr í átt að aðalgötunni.“

Yfirvöld skólans halda því fram að orkureikningur skólans lækki talsvert í desember vegna þess að myndirnar einangri vel og þar af leiðandi hlýni vel inni. Hins vegar kostar einnig talsvert að hafa næga lýsingu svo að myndirnar njóti sín vel utan frá.

„Það er gaman fyrir bæjarbúa að eiga eitt svona sameiginlegt jólaskraut sem er jú grunnskólinn.“

- glp



**FAGUR ER HANN** Grunnskólinn í Bolungarvík er skreyttur með jólamynd í hverri rúðu, eða alls 491 jólamynd. MYND/ROLAND






SAMBÍÓIN

DANNY TREJO - LADY GAGA - AMBER HEARD - MICHELLE RODRIGUEZ - SOFÍA VERGARA - MEL GIBSON - CHARLIE SHEEN - ANTONIO BANDERAS - CUBA GOODING JR.




MACHETE ER MÆTTUR AFTUR Í GEGGJUÐUSTU MYND ÁRSINS!







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 | 12 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:20 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is


# Uppblásinn belgur bjargar deginum

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



**ÉG ÓK** um eitt hverfa borgarinnar í kyrru veðri í fyrrakvöld. Var frekar seint á ferðinni og dólaði mér eftir fáförnum götunum. Skammdegið getur verið leiðinlegur tími, dimmt og drungalegt og sólin spör á D-vítamínið. Fréttirnar undanfarið hafa heldur ekki verið neitt hressandi og ég var dauf í dálkinn. Veit ekki hvort það var Sigmundi Davíð og félögum hans að kenna eða hvað.

**ÉG KOMST** samt ekki hjá því að taka eftir skrautinu. Ljósaseríur tindruðu á hverju tré og annar hver runni glitraði. Sumir blikkuðu! Í gluggum voru aðventuljós, seríur, ljóskransar eða stjörnur og í sumum var allt þetta fernt. Niður úr þakskeggjum rigndi blikkandi jólaljósum, svalahandrið voru umvafin grenilengjum og ljósum. Ég átti ekki til orð. Ég hélt að mínir nágrannar væru nokkuð duglegir að skreyta en ég sá strax að þeir kæmust ekki í hálfkvisti við þetta. Ég hægði ferðina, átti bágt með að halda augunum í akstursstefnu en horfði opinmynnt á dýrðina. Svona á að gera þetta, hugsaði ég.

**HÉR HLAUT** að búa glatt fólk. Kannski ögn glysgjarnt en glatt. Það hafði allavega glatt mig. Ja hérna, hvað allt sindraði í kringum mig. Ég steinhætti að hugsa um Sigmund og Bjarna og meira að segja Vigdís vék fyrir tindrandi jólaljósunum. Skyndilega varð ég vör við hreyfingu út undan mér og varð litið upp á svalir. Uppblásinn jólasveinn úr plasti, á stærð við fólksbíl, breiddi út faðminn á móti mér!

**ÉG VISSI EKKI** hvað ég átti að halda. Brosandi út að eyrum dúaði hann mjúklega í andvaranum en stakk óneitanlega í stúf. Svona stór, svona uppblásinn eitthvað. Eitt augnablik hrökk ég úr jólagírnum við allt þetta loft og Sigmundur leitaði aftur á hugann.

**EN ÉG HRISTI** hann af mér. Það var eitthvað við það að blása upp tveggja rúmmetra jólasvein og binda hann við húsið sitt, eitthvað svo hressandi og fyndið að jólafiðringurinn hríslaðist um mig á ný. Svona á að gera þetta.

# HVAÐ MYNDIRÐU GERA VIÐ LOTTÓ-VINNINGINN?






Um helgina verður lottópotturinn áttfaldur. Líklegt er að í pottinum verði 125 milljónir sem er met í sögu Íslenskrar getspár. Fréttablaðið hafði samband við nokkra einstaklinga sem ætla að kaupa sér lottómiða um helgina og forvitnaðist um það hvernig þeir myndu eyða milljónunum ef þeir fengju tækifæri til. - ue

## Myndi kaupa kosningarnar

„Ég ætla að kaupa hundrað raðir í tilefni af hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna. Það afmæli er árið 2015, en ég hef hafið undirbúning og þetta er liður í þeim undirbúningi. Ágóðann af lottóvinningnum ætla ég að nota til þess að kaupa kosningarnar og færa þannig kosningaþátttöku kvenna til nútímans.“

*Berglind Pétursdóttir, gif-drottning.*



## Hundrað milljónir til Malaví

„Ég myndi gefa einn fjórða til Sinfóníuhljómsveitarinnar vegna þess að hún sýnir okkur hvað er mögulegt á Íslandi sem ætti að vera ómögulegt. Ég held að hennar vegna séu Íslendingar hundrað þúsundum fjölmennari en ella. Vegna hennar fattar fólk að það er hægt að búa hérna. Síðan myndi ég fjárfesta í nýsköpun fyrir einn fjórða upphæðarinnar. Þegar sú upphæð er síðan orðin aftur hundrað milljónir myndi ég gefa það allt saman til Malaví.“

*Andri Snær Magnasson rithöfundur.*

## Stemningsmanneskja



„Já, ég er svona stemningsmanneskja hvað varðar lottóið. Ef potturinn er orðinn stór kaupi ég miða. Ef ég dytti í lukkupottinn myndi ég nota vinninginn til þess að borga niður húsnæðisskuldir. Við græðum langmest á því hér á Íslandi. Svo myndi ég taka frá restina fyrir son minn. Honum og leikskólafélögum hans veitir ekki af peningum til að borga skuldir okkar í ríkissjóði þegar þau verða stór.“

*Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar.*

## Skefilega litlar líkur



Fréttablaðið spurði **Birgi Hafsteinsson tölfræðing** hvort það borgi sig frekar að kaupa lottómiða þegar potturinn er stór en þegar potturinn er minni. „Í einhverjum skilningi borgar það sig meira en venjulega,“ segir Birgir. „Væntanlegur ávinningur eykst mikið ef potturinn er svona stór, miðað við ef potturinn er til dæmis tvær milljónir. Þú borgar alltaf sömu krónutölu fyrir miðann, einhverjar 130 krónur á röð. Trúlegast tapast þessar 130 krónur, en væntigildið hækkar með stækkandi potti. Á sama tíma og þetta gildir, þá breytast líkurnar ekkert á því að vinna. Líkurnar á því að vinna eru skelfilega litlar.“

## Kíló af gullstöngum

„Þyrfti ég ekki bara að kaupa mér kíló af gullstöngum ef ég fengi stóra vinninginn? Síðan þyrfti ég að bjóða öllum vinum mínum á Búlluna í heilt ár. En svona í fullri alvöru myndi ég bara kaupa mér einhverjar fasteignir.“

*Egill Moran Rubner Friðriksson viðskiptafræðinemi.*




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ










**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 - 10.45 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| TÚRBÓ 2D | KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| MANDELA | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE PAST | KL. 10.15 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 10.45 | 16 |
| PRINCE AVALANCHE | KL. 5.50 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MANDELA | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 6 | 16 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 5, 7, 8, 10 | 12 |
| MANDELA | 7, 10 | 12 |
| PHILOMENA | 5 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 5 | L |

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll

# TILBOÐ Í DAG

# ÖLL EGG




## 25% afsláttur



## Tilvalið í jólabaksturinn!

Tilboðið gildir aðeins í dag 11. desember

EXPO • www.expo.is

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|


**VILL ÚT** Ásgeir Börkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mætti bara á eina æfingu

**FÓTBOLTI** „Hugur minn stefnir út,“ segir Árbæingurinn Ásgeir Börkur Ásgeirsson sem æfir með Fylki þessa dagana. Börkur er samningslaus en æfir með uppeldisfélaginu á meðan unnið er að því að koma honum að hjá erlendu félagi.

Athygli vakti í nóvember þegar Börkur æfði með Frömurum. Töldu einhverjir að miðjumaðurinn væri á leið í raðir Framara sem hafa farið mikinn í félagaskiptum.

„Ég bý náttúrulega þarna við hliðina á Framheimilinu og hafði farið á fund með Bjarna. Hann sagði lítið mál að ég mætti á eina æfingu,“ segir Börkur. Æfingarnar hafi ekki orðið fleiri. En var ekki fleira rætt á fundi þeirra Bjarna en leyfi til að mæta á eina æfingu?

„Vissulega var fleira rætt en bara farið yfir stöðuna. Hann vildi heyra í hvaða pælingum ég væri,“ segir Börkur. - ktd

# Gunnar mætir aftur í búrið

Bardagakappinn Gunnar Nelson snýr aftur í búrið í mars og berst við Omari Akhmedov frá Rússlandi í UFC-keppni í blönduðum bardagalistum. Bardagi þeirra félaga, sem báðir eru ósigraðir, fer fram í London.

**BARDAGALISTIR** Omari Akhmedov frá Rússlandi verður mótherji Gunnars Nelson í þriðja bardaga Íslendingsins í UFC. Bardaginn er einn af hápunktum kvöldsins á bardagakvöldi í Lonon.

Gunnar vann sigur í tveimur fyrstu UFC-bardögum sínum. Hann átti að berjast við Mike Pyle í Las Vegas þann 25. maí í fyrra en þurfti að draga sig úr keppni vegna meiðsla. Hann fór síðan í aðgerð stuttu síðar eftir að í ljós kom að hann var með rifinn liðþófa í hné.

„Mér líst bara vel á þennan bardaga. Ég hef horft á síðustu tvo bardaga með honum og hann virkar bara helvíti góður. Örugglega nokkuð höggþungur, villtur standandi og tekknískur í gólfinu enda Sambómeistari. Hann er svolítill Rússi í sér,“ segir Gunnar Nelson um verðandi andstæðing.

„Sambóstíllinn er svolítið sérstakur, hvernig þeir kýla og hvernig þeir haga sér í jörðinni. Ég hef æft með mörgum Sambómönnum og líka keppt við þá. Hann er annars örugglega mjög góður annars væri hann ekki þarna.“

### Báðir ósigraðir

Gunnar hefur unnið ellefu MMA bardaga og gert eitt jafntefli á ferli sínum en aldrei tapað. Akhmedov hefur aftur á móti barist tólf sinnum og unnið sigur í þeim öllum. Sex með rothöggi, fjóra með uppgjöf og tvo með dómaraúrskurði. Hingað til hefur hann keppt í millivigt en hefur nú fært sig í flokk Gunnars, veltivigtina.

Hann gerði fjögurra bardaga samning við UFC í september síðastliðnum. Fyrsti bardagi hans í UFC var gegn Thiago Perpétuo í nóvember. Kapparnir létu höggin dynja á hver öðrum en að lokum hafði Akhmedov betur með rothöggi.

Auk aðgerðarinnar í maí lenti Gunnar í bílveltu á Þjórsárdalsvegi í október þar sem mátti litlu muna. Bifreið Gunnars fór fjórar veltur áður en hann lenti á hjólunum á grunnum stað í ánni.

Ég er stálsleginn eftir þetta allt saman. Ég fékk smá skurði á hendina en þeir eru löngu grónir,“ segir Gunnar.

Haraldur Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars er að vonum ánægður með að Gunnar sé kominn aftur af stað. „Þegar við vissum á hvaða tímapunkti hann myndi snúa aftur eftir meiðslin horfðum við til London. UFC er að byggja upp sportið í Evrópu og Gunnar vill taka þátt í því,“ segir Haraldur.

### Æfir á Írlandi og New York

„Við erum líka mjög ánægðir með að hann taki þátt í einum af aðalbardögum kvöldsins þar sem hann er að koma úr meiðslum. Þeir eru báðir ósigraðir og þetta verður örugglega hörkubardagi,“ segir Haraldur.


**SNÝR AFTUR** Gunnar mætir ósigruðum Rússa í London í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Haraldur reiknar með að hluti undirbúningsins fyrir bardagann muni fara fram á Írlandi og mögulega New York.

„En við reiknum með að seinni hlutinn af æfingaferlinu verði meira og minna hér heima. Við eigum jafnvel von á því að það komi einhverjir í heimsókn, jafnvel Cathal Pendrel og kannski einhverjir fleiri frábærir æfingafélagar. Strákarnir hérna heima eru líka margir hverjir orðnir mjög góðir, eins og þeir sýndu þegar þeir börðust í Dublin fyrir ekki svo löngu.“ kristjan@frettabladid.is




JÓLA
TILBOÐ
REKKJUNNAR!
VAXTALAUS
JÓLATILBOÐ
OG FYRSTA
GREIÐSLAN
Í MARS 2014
JÓLATILBOÐ
STOCKHOLM
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 163.600 kr.
NÚ 81.800 kr.
= 50% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
OLIVIA
King size (193x203 cm)
Fullt verð 258.600 kr.
129.300 kr.
= 50% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
FARYN
Queen Size (153x200 cm)
Verð frá 282.083 kr.
FRÁ 197.458 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SÆNGURFÖTUM
TIL JÓLA!
JÓLATILBOÐ
20% AFSLÁTTUR
AF SVEFNSÓFUM
TIL JÓLA!
JÓLATILBOÐ
DÚN- OG
FIÐURKODDI
153x203 cm)
Fullt verð 8.930 kr.
6.251 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
DÚNKODDI
(50x70 cm)
Fullt verð 19.870 kr.
13.909 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
Dún- og
fiðursæng
(140x200 cm)
Fullt verð 14.260 kr.
9.982 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ
Dúnsæng
(140x200 cm)
Fullt verð 33.840 kr.
23.688 kr.
= 30% AFSLÁTTUR
rekkjan
Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16
HEILSURÚM

# Fékk svæsna krampa

Lele Hardy var flutt á sjúkrahús um helgina.



**KÖRFUBOLTI** Lele Hardy, leikmaður Hauka, var flutt á sjúkrahús eftir leik liðsins gegn Snæfelli í Stykkishólmi á sunnudagskvöldið. Hún fékk slæma vöðvakrampa þegar leikmenn sátu að snæðingi eftir leikinn, svo slæma að ástæða þótti að kalla á lækni.

„Ég er búinn að vera í sportinu í nokkuð mörg ár en ég hef aldrei fyrr séð leikmann fá svona svæsna vöðvakrampa. Við vildum því vera öruggir og kölluðum til lækni sem færði hana á sjúkrahús til frekari skoðunar,“ sagði Bjarni Magnússon, þjálfari Hauka.

Hardy fékk svo staðfest hjá sérfræðingi í gær að ástæða krampanna væri ekki alvarleg, heldur hafi hún líklega þjáðst af vökva- og næringarskorti auk þess sem mikið álag síðustu daga og vikna hafi þarna sagt til sín. - esá

# Evrópuævintýri Rúriks og Ragnars lauk gegn Ronaldo

**FÓTBOLTI** Real Madrid vann sannfærandi 2-0 sigur á FC Kaupmannahöfn í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í gærkvöldi. Spánverjar hafna í toppsæti riðilsins en FCK í botnsætinu.
Phil Jones tryggði Manchester United efsta sæti B-riðils í 1-0 sigri á Shaktar Donetks. Leverkusen fylgir United í 16-liða úrslitin.
Manchester City vann Bayern München 3-2 í Þýskalandi eftir að hafa lent 2-0 undir. Bayern náði toppsæti riðilsins á markatölu. - ktd

**visir.is**
Frekari umfjöllun um Meistaradeildina



**SNJÓR** Fresta þurfi leik Galatasaray og Juventus í Istanbúl vegna snjókomu. Ekki lá fyrir hvenær leikið yrði er Fréttablaðið fór í prentun í gær. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY




**Magnað miðvikudagskvöld!**

Spennan er gríðarleg í F-riðli þar sem Arsenal situr á toppnum með 12 stig en Dortmund og Napólí fylgja fast á eftir með 9 stig. Arsenal heldur toppsætinu með jafntefli gegn Napólí og Dortmund geta tryggt sig áfram með sigri á Marseille. Í dauðariðlinum eru línur heldur betur farnar að skýrast og AC Milan dugar jafntefli gegn Kolla og félögum í Ajax til að komast áfram.

**Það verður svo sannarlega hart barist í kvöld!**

**Í KVÖLD**

| | | |
|---|---|---|
| Upphitun | 2 SPORT | 19:00 |
| Napólí–Arsenal | 2 SPORT | 19:30 |
| AC Milan–Ajax | 2 SPORT 3 | 19:30 |
| Marseille–Dortmund | 2 SPORT 4 | 19:30 |
| Meistaramörk | 2 SPORT | 21:45 |

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

2 SPORT
besta sætið



**BORUBRATTUR** Stefán er sannfærður um að hann fái að spila nóg á næstu árum þótt samkeppnin sé afar erfið. Hann er hér í leik gegn Kiel en Löwen á einmitt að spila við Aron Pálmarsson og félaga í kvöld. NORDICPHOTOS/BONGARTS

# Er ekki hræddur við neina samkeppni

Hornamaðurinn Stefán Rafn Sigurmannsson mun leika áfram með liði Rhein-Neckar Löwen næstu árin þótt hann sé að keppa við besta hornamann heims, Uwe Gensheimer, um mínútur á vellinum. Stefán er klár í slaginn við hann.

**HANDBOLTI** „Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um áður en ég skrifaði undir. Þegar maður er kominn í þessi gæði þá vill maður vera þar og halda áfram að berjast,“ segir landsliðsmaðurinn Stefán Rafn Sigurmannsson sem skrifaði á dögunum undir nýjan samning við þýska stórliðið Rhein-Neckar Löwen sem gildir út leiktíðina 2015.

Það vakti athygli margra að hinn 23 ára gamli Stefán Rafn skyldi framlengja samning sinn við liðið í ljósi þess að þar er fyrir besti vinstri hornamaður heims – Uwe Gensheimer. Guðjón Valur Sigurðsson fékk lítið að spila er hann keppti við Gensheimer og því er það verðugt verkefni fyrir Stefán að keppa um mínútur við þýska landsliðsmanninn.

## Gef bara meira í

„Ég er ekkert hræddur við neina samkeppni. Þegar maður er í svona erfiðri samkeppni þá gefur maður bara meira í. Ég hef verið hrikalega duglegur að æfa og aldrei í betra formi en núna. Það herðir mig meira að keppa við mann eins og Gensheimer og er gott fyrir mig. Þegar ég veit að ég er farinn að standa aðeins í vegi fyrir honum þá veit ég að ég er orðinn helvíti góður. Þetta er alvöru áskorun,“ segir Stefán Rafn ákveðinn en hann óttast ekki að það muni hamla framförum hans sem leikmanns ef hann fær ekki að spila nóg.

„Mér finnst ég hafa tekið miklum framförum á öllum sviðum síðan ég kom hingað. Ég er að skjóta á besta markvörð heims á hverri einustu æfingu og það eitt og sér er ekki auðvelt. Ég er á uppleið og er því ekkert hræddur við að staðna eða annað.“

## Nýtt mín tækifæri vel

Stefán Rafn hefur verið að fá sínar mínútur í vetur þótt oft séu þær af skornum skammti.

„Markmiðið er að fjölga mínútunum og það geri ég með því að standa mig vel þegar ég fæ tækifæri. Ég hef verið að nýta mín tækifæri vel. Það er því undir mér komið að halda áfram að bæta mig eins og ég hef verið að gera.

Ég læri líka mikið af Gensheimer og fleiri góðum leikmönnum. Það má ekki gleyma því. Ég er sannfærður um að ég sé að gera rétt með því að halda áfram hjá þessu félagi,“ segir Stefán og bætir við að hann búi líka að því að Löwen sé með frábæra æfingaaðstöðu.

Guðmundur Guðmundsson lætur af starfi þjálfara Löwen næsta sumar og við stöðu hans tekur Daninn Nikolaj Jacobsen.

> **Ég er sannfærður um að ég sé að gera rétt með því að halda áfram hjá þessu félagi**
> *Gunnar Gunnarsson, þjálfari liðs*

„Hann er líka hornamaður og mun því klárlega geta kennt mér ýmislegt líka.“

Það er mikilvæg vika hjá Löwen. Í kvöld spilar liðið við Kiel á útivelli í átta liða úrslitum í bikarnum og svo um helgina er það útileikur gegn Hamburg. Liðið verður því á hótelum alla vikuna.

Kiel og Löwen hafa mæst einu sinni í vetur og það var hörkuleikur sem endaði með þriggja marka sigri Kiel.

„Það er úrslitahelgin undir í Kiel og ég lofa hörkuleik. Við mætum til þess að vinna og höfum trú á því að við getum það, ólíkt minni liðunum sem eru búin að tapa fyrirfram þegar þau fara þangað. Slík er virðingin fyrir Kiel.“

Stefán segir að markmið Löwen í vetur sé að keppa um alla titla. Vera með allt til enda.

„Mér finnst við eiga möguleika í deildinni. Ef við vinnum Kiel í bikarnum getum við farið alla leið þegar kemur að úrslitahelginni.“

henry@frettabladid.is




**BRYNJAR LEÓ** Norðlendingurinn verður hjá þjálfara sínum um jólin. MYND/AÐSEND

# Erum enn bjartsýnir

Brynjar Leó Kristinsson ætlar til Sochi í febrúar.

**SKÍÐI** „Ég náði betri árangri í fyrra og hitteðfyrra en þetta er besti árangurinn á þessu tímabili enn sem komið er,“ segir Brynjar Leó Kristinsson. Skíðagöngukappinn var við keppni í 15 kílómetra göngu með frjálsri aðferð í Östersund í Svíþjóð um helgina þar sem hann hafnaði í 74. sæti. Fyrir árangurinn fékk hann 122 FIS-stig en Ólympíulágmarkið er 100 FIS stig eða færri.

„Maður er alltaf að færast nær og nær. Þetta kemur allt saman. Ég hef enga trú á öðru,“ segir Brynjar Leó sem er í kapphlaupi við tímann að ná lágmarkinu fyrir leikana í Sochi í febrúar.

Brynjar Leó æfir hjá þjálfara sínum, Linus Davidsson, í Svíþjóð og voru þeir félagar að funda varðandi næstu vikur er blaðamaður sló á þráðinn. Ljóst er að Brynjar mun keppa á FIS-móti í Þýskalandi þann 22. desember.

„Nú þarf maður að skoða skautamót sem gefa FIS-stig í Evrópu því það verður ekkert slíkt í Svíþjóð fyrr en á nýju ári,“ segir Brynjar Leó. Hann er mun sterkari í keppni þar sem skautað er en þar sem notast er við hefðbundna aðferð.

Ljóst er að jólin verða því ekki í faðmi fjölskyldunnar norðan heiða.

„Ég reikna með að verja jólunum í Sälen í Svíþjóð hjá fjölskyldu Linusar. Þar eru fínar aðstæður til að æfa,“ segir Brynjar Leó og hlær aðspurður hvort þjálfarinn sé búinn að ættleiða hann.

„Svona nánast. Ég er mikið hjá þeim og þau hjálpa mér mikið.“

Skíðasamband Íslands fær aðeins þátttökurétt fyrir einn skíðagöngumann í Sochi eins og er. Sævar Birgisson hefur þegar tryggt sér þátttökurétt og Brynjar Leó er í kapphlaupi við tímann. Þeir félagar treysta á að Sævar nái að hífa sig upp í sæti innan við 300 á heimslistanum því þá fær Skíðasambandið þátttökurétt fyrir tvo keppendur.

„Við erum mjög bjartsýnir á að það heppnist og þá verðum við báðir á leikunum.“ - ktd

Afton hægindastóll með skemli






Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur. Fullt verð 99.900
ÞÚ SPARAR 40.000 kr.

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800
OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00, laugard. kl. 11.00–17.00, sunnud. kl. 13.00–17.00
Húsgagnahöllinni Akureyri ✆ 558 1100

MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

Dýrðlegur desember

LEGGÐU ÁN ENDURGJALDS VIÐ VITATORG Á HVERFISGÖTU

Leggðu bílnum í hlýjunni í bílastæðahúsinu við Vitatorg og **fáðu frían stöðumiða í næstu verslun við Hverfisgötu** þegar þú kaupir inn fyrir jólin.

Hluti Hverfisgötu er opinn fyrir gangandi umferð meðan á framkvæmdum stendur. Verslanir eru opnar til **kl. 22:00** frá 12. desember til jóla. Nema 15. des. til kl. 18:00.



WWW.MIDBORGIN.IS
GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR
Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgarinnar

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.40
**Kolla**
Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.



### Gordon's Ultimate Christmas
**SKJÁR EINN KL. 20.20** Vandaðir uppskriftarþættir með Gordon Ramsey þar sem hann kennir öll réttu handtökin þegar elda skal ljúffengan jólamat.




### Ameríski draumurinn
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.00** Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng.



### Neyðarvaktin
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Chicago Fire II er bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.

### X-ið 977 kl. 07.00
**Harmageddon**
Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 7-10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




HARPA

**www.harpa.is**

Rekstrarleyfi í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík

# Hæð í Hörpu

Harpa ohf. óskar eftir tillögum um rekstur sem fellur að starfsemi hússins og eykur fjölbreytni hennar.

**Reksturinn þarf að tengjast hlutverki Hörpu,** þ.e. vera á sviði tónlistar, menningar, ferðamennsku eða ráðstefnuhalds. Til ráðstöfunar undir reksturinn er 200 $m^2$ óinnréttað rými á 5. hæð á austurhlið Hörpu.

Við val á rekstraraðilum verður styrkleiki þjónustu og/eða vöru, þekking, reynsla, geta og viðskiptaáætlun lögð til grundvallar.

Einungis aðilar sem hafa haldgóða reynslu af rekstri koma til greina.

Umsóknum ásamt útfærðri viðskiptaáætlun skal skila í móttöku Hörpu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, eigi síðar en KL. 14:00, föstudaginn 10. janúar 2014, merktum:
**Harpa – rekstrarleyfi á 5. hæð**

Nánari upplýsingar veitir aðstoðarmaður forstjóra, Hulda Kristín Magnúsdóttir, með netfangið: huldakristin@harpa.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.01** **Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**07.06** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.14** **Malcolm in the Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Spurningabomban**
**11.00** **Masterchef USA**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mike and Molly**
**13.30** **Chuck**
**14.15** **Last Man Standing**
**14.40** **Suburgatory**
**15.05** **Tricky TV**
**15.30** **Kalli kanína og félagar**
**15.55** **Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.20** **UKI**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.53** **Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**17.58** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.16** **Veður**
**19.25** **Stelpurnar**
**19.50** **The Middle** *(5:24)*
**20.15** **Heimsókn**
**20.40** **Kolla**
**21.15** **Grey's Anatomy** *(11:22)*
**22.05** **Lærkevej** *(2:12)*
**22.50** **Touch** *(4:14)*
**23.35** **The Blacklist** *(10:13)*
**00.25** **Person of Interest**
**01.10** **NCIS. Los Angeles**
**01.55** **Pandorum**
**03.40** **Dante's Peak**
**05.25** **Red Factions. Origins**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Meistaradeildin** - meistaramörk
**12.45** **Meistaradeild Evrópu.** Bayern München - Man. City
**14.30** **Meistaradeild Evrópu.** Galatasaray - Juventus
**16.15** **Meistaradeild Evrópu.** Man. Utd. - Shakhtar Donetsk
**18.00** **Meistaradeildin** - meistaramörk
**19.00** **Meistaradeildin** - upphitun
**19.30** **Meistaradeild Evrópu.** Napoli - Arsenal Bein útsending
**21.45** **Meistaradeildin** - meistaramörk
**22.45** **Meistaradeild Evrópu.** AC Milan - Ajax
**00.40** **Meistaradeild Evrópu.** Marseille - Dortmund
**02.45** **Meistaradeildin** - meistaramörk

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.45** **Fulham - Aston Villa**
**14.25** **Liverpool - West Ham**
**16.05** **Football League Show**
**16.35** **WBA - Norwich**
**18.15** **Stoke - Chelsea**
**19.55** **Ensku mörkin** - úrvalsdeildin
**20.50** **Messan**
**22.05** **Man. Utd. - Newcastle**
**23.45** **Sunderland - Tottenham**

## ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**15.50** **The X-Factor US**
**17.55** **Bunheads**
**18.40** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia**
**19.50** **The Carrie Diaries** *(5:13)*
**20.35** **Arrow** *(8:23)*
**21.20** **Sleepy Hollow** *(4:13)*
**22.05** **Shameless** *(1:12)*
**22.50** **The Tudors** *(3:10)*
**23.45** **Junior Masterchef Australia**
**00.35** **The Carrie Diaries**
**01.20** **Arrow**
**02.05** **Sleepy Hollow**
**02.50** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Diego **07.29** Svampur Sveinsson **07.51** Latibær **08.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **08.05** Ævintýri Tinna **08.27** Brunabílarnir **08.47** Ævintýraferðin **09.00** UKI **09.05** Lukku-Láki **09.29** Ofurhundurinn Krypto **09.50** Hvellur keppnisbíll **10.00** Rasmus Klumpur **10.05** Dóra könnuður **10.29** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.51** Doddi litli og Eyrnastór **11.04** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.09** Diego **11.33** Svampur Sveinsson **11.55** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.00** Latibær **12.09** Ævintýri Tinna **12.31** Brunabílarnir **12.56** Ævintýraferðin **13.09** Lukku-Láki **13.33** Ofurhundurinn Krypto **13.54** Hvellur keppnisbíll **14.04** Rasmus Klumpur **14.09** Dóra könnuður **14.32** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.54** Doddi litli og Eyrnastór **15.04** UKI **15.09** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.14** Diego **15.38** Svampur Sveinsson **16.00** Sveppi og Villi **16.05** Latibær **16.14** Ævintýri Tinna **16.36** Brunabílarnir **17.01** Lukku-Láki **17.25** Ofurhundurinn Krypto **17.46** Hvellur keppnisbíll **17.57** Dóra könnuður **18.21** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.44** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** UKI **19.00** Lína Langsokkur **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**16.55** **Strákarnir**
**17.25** **Friends**
**17.45** **Seinfeld**
**18.10** **Modern Family**
**18.35** **Two and a Half Men**
**19.00** **Ameríski draumurinn** *(2:6)*
**19.45** **MasterChef Ísland** *(3:9)*
**20.25** **Spurningabomban** *(2:21)*
**21.15** **Svínasúpan** *(2:8)*
**21.40** **Ástríður** *(2:10)*
**22.10** **Steindinn okkar** *(2:8)*
**22.35** **Atvinnumennirnir okkar**
**23.10** **Hæðin** *(1:9)*
**23.55** **Eldsnöggt með Jóa Fel**
**00.25** **Heimsókn**
**00.45** **Hið blómlega bú**
**01.25** **Veggfóður**
**02.05** **Týnda kynslóðin**
**02.25** **Mér er gamanmál**
**02.55** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.45** **Spy Kids 4**
**13.15** **Philadelphia**
**15.20** **Office Space**
**16.50** **Spy Kids 4**
**18.20** **Philadelphia**
**20.25** **Office Space**
**22.00** **Beyond a Reasonable Doubt**
**23.45** **Dark Shadows**
**01.40** **Morlocks**
**03.05** **Beyond a Reasonable Doubt**

## RÚV

**16.40** **360 gráður**
**17.10** **Vasaljós**
**17.35** **Jóladagatalið - Jólakóngurinn** *(11:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr. Margt getur komið í veg fyrir að það rætist og þess vegna hefur hann undirbúið sig sérstaklega vel.
**17.58** **Nína Pataló**
**18.05** **Táknmálsfréttir**
**18.15** **Djöflaeyjan**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Neyðarvaktin** *(6:22) (Chicago Fire II)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.
**20.45** **Sumarævintýri Húna** *(3:4) (Lífið um borð í Húna)* Í þriðja upprifjunarþættinum um ævintýri Húna II sumarið 2013 verður kastljósinu beint að lífinu um borð. Dagskrárgerð. Janus Bragi Jakobsson, Margrét Blöndal og Felix Bergsson.
**21.10** **Kiljan** Bókaþáttur Egils Helgasonar.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Í þágu Jarðar** *(Jane's Journey)* Í aldarfjórðung hefur prímatafræðingurinn Jane Goodall varið kröftum sínum í að reyna að bjarga jörðinni frá eyðileggingu.
**00.10** **Kastljós**
**00.30** **Fréttir**
**00.40** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**17.05** **Family Guy**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.10** **Top Chef**
**19.00** **Parks & Recreation**
**19.25** **Cheers** *(1:25)*
**19.50** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(18:20)*
**20.20** **Gordon´s Ultimate Christmas** *(1:2)*
**21.10** **In Plain Sight** *(6:8)*
**22.00** **Ray Donovan** *(12:13)* Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna. Ray á í vandræðum með að halda öllum þessum ólíku boltum á lofti þegar dregur nær lokaþættinum af þessum æsispennandi þáttum.
**22.50** **CSI Miami** *(12:24)*
**23.40** **Dexter**
**00.30** **Sönn íslensk sakamál**
**01.00** **Ray Donovan**
**01.50** **How to be a Gentleman**
**02.15** **Excused**
**02.40** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Golfing World **09.00** World Challenge 2013 **12.00** World Challenge 2013 **15.00** World Challenge 2013 **17.05** PGA Tour - Highlights **18.00** Golfing World **18.50** World Challenge 2013 **22.00** Golfing World **22.50** World Challenge 2013 **01.50** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




*Tilboðið gildir til 24.12.2013 af Philips 7000, 8000 eða 9000 seríu sjónvarpi.

**Philips HUE** má líkja við altæka heimabíó upplifun á ljósi. Kerfið inniheldur tvær perur sem eru samstilltar Ambilight ljósinu frá sjónvarpinu gegnum þráðlaust net og magna þannig upplifun þína heilt yfir í rýminu.

85 YEARS AS A LEADING TV BRAND

**PHILIPS**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

**BÍÓMYNDIN**



**„Uppáhaldskvikmyndin mín er Los Olvidados eftir Luis Bunuel.“**

Guðbergur Bergsson rithöfundur

# Með sömu gleraugun í tuttugu ár

Herbert Guðmundsson notar sömu gleraugu og Bruce Willis í Hudson Hawk.

„Þetta eru sömu gleraugu og Bruce Willis var með í myndinni Hudson Hawk,“ segir Herbert Guðmundsson um gleraugun sín frægu, en tuttugu ár eru frá því að hann keypti þau. „Ég keypti þau fyrir jólin 1993 í Auganu í Kringlunni. Þau eru frá fyrirtæki sem heitir Oliver People og allar stjörnurnar eiga gleraugu frá þeim,“ segir söngvarinn góðkunni. Herbert heldur upp á fjörutíu ára starfsafmæli um þessar mundir og verður sextugur á sunnudaginn. „Þetta er magnað: gleraugun tuttugu ára, ferillinn fjörutíu ára og ég sextíu ára.“ Herbert segir marga sem hann hittir hafa beðið um að fá að prófa gleraugun. „Fólk biður iðulega um myndir af mér eftir skemmtanir og vill þá fá að hafa gleraugun á sér. Ég tek það ekki í mál, það er bara prinsipp.“

Herbert á mismunandi lituð gler til að hengja utan á gleraugun. „Ég á svart, fjólublátt og gult. Ég er oftast með gula glerið því það birtir allt upp. Maður verður allur miklu glaðari fyrir vikið,“ útskýrir Herbert. Hann segist ekki ætla að skipta um gleraugu í bráð, þau séu orðin hluti af honum. „Ég hef reynt í tvígang að skipta. En málið er að það þýðir ekkert að skipta.“ - kak

➜ Gleraugun tuttugu ára, ferillinn fjörutíu ára og ég sextíu ára.





**MEÐ GLERAUGUN** Herbert er hér með gult gler yfir gleraugunum, sem gerir hann glaðari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Demantur í botninum

Guðbjörg Ingvarsdóttir kynnir nýja línu skartgripa.



**INNBLÁSTUR** Guðbjörg sækir innblástur í hrafninn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Í fimmtugasta hverju ilmkerti sem við seljum verður 0,15 karata demantur. Demanturinn verður í botninum á kertinu og við bjóðum heppnum viðskiptavinum að koma með hann til okkar í verslunina og við búum til hálsmen úr honum,“ segir Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir, hönnuður og eigandi Aurum í Bankastræti. Guðbjörg hóf fyrir skemmstu samstarf við franska fyrirtækið Popup Paris sem framleiðir ilmkerti sem verður liður í nýrri hönnunarlínu Guðbjargar en hún sækir innblástur sinn að þessu sinni í hrafninn.

„Þetta er þriðja línan í seríunni, áður hef ég unnið með svaninn og fálkann. Þetta eru allt fuglar sem hafa sterk menningartengsl við okkur Íslendinga,“ segir Guðbjörg. - kak






**SAMFÉLAGSÁDEILA** Nýja lagið fjallar meðal annars um rapparana sjálfa en í því er líka samfélagsádeila.

# Lögreglan fylgdist með rappstelpum

Reykjavíkurdætur tóku upp myndband fyrir framan Alþingishúsið við nýtt rapplag um helgina. Lögreglan fylgdist grannt með gangi mála.

„Hún stoppaði og fylgdist með okkur í dágóðan tíma til að athuga hvort við værum með einhver ólæti. Okkur fannst þetta skynsamlegt af lögreglunni,“ segir Kolfinna Nikulásdóttir, meðlimur í hljómsveitinni Reykjavíkurdætrum. Hljómsveitin tók upp nýtt rapptónlistarmyndband fyrir framan Alþingishúsið um helgina og fylgdist lögreglan grannt með.

„Við erum nefnilega hvorki kurteisar né stilltar. Lögreglan ætti með réttu að fylgjast með öllu sem við gerum. Ég get ekki farið ofan í saumana á því í þessu blaðaviðtali hvað ég er vís til að gera. Ef ég myndi gera það yrði ég handtekin samstundis. Ég hvet hins vegar lögregluna til að koma fyrir hlerunarbúnaði í einhverjum af stóru skartgripunum mínum eða gulltönnunum til þess að reyna að komast að djöfullegum fyrirætlunum mínum á svolítið skapandi löglegulegan hátt.“

Reykjavíkurdætur eru hópur af konum sem rappa. Þær hafa staðið fyrir reglulegum uppákomum á börum að undanförnu þar sem um þrettán stelpur hafa komið fram. Tíu þeirra eiga vers í nýja laginu sem tekið var upp myndband við um síðustu helgi. Lagið er nákvæmlega sjö mínútur. Myndbandið verður frumsýnt einhvern tíma í næstu viku en nákvæm dagsetning er óvís. ugla@frettabladid.is

> **Ég hvet hins vegar lögregluna til að koma fyrir hlerunarbúnaði í einhverjum af stóru skartgripunum mínum eða gulltönnunum.**
>
> *Kolfinna Nikulásdóttir*

# Laufabrauðsát hans fyrsta verk

Ásgeir Trausti verður heima um jólin og spilar hér í fyrsta sinn í 15 mánuði.

„Það er langt síðan hann hefur haldið formlega tónleika á Íslandi og okkur finnst sniðugt að endurtaka leikinn með því að halda tónleika á sömu stöðum og hann kom fram á fyrir fimmtán mánuðum,“ segir María Rut Reynisdóttir, umboðsmaður Ásgeirs. Hann mun ásamt hljómsveit sinni koma fram á þrennum tónleikum á milli jóla og nýárs, í Reykjavík, á Akureyri og á Hvammstanga.

„Það fyrsta sem hann ætlar að gera þegar hann kemur til landsins er að gera ekki neitt. Síðan ætlar hann að fá sér laufabrauð.“

Á föstudaginn kemur Ásgeir fram á stórum jólatónleikum sem danska ríkissjónvarpið stendur fyrir en þeim verður sjónvarpað á Norðurlöndunum í kringum jólin. „Ég geri ráð fyrir að þeir verði sýndir hér á landi.“

Ásgeir hefur ekki setið auðum höndum síðustu mánuði en þrátt fyrir að hafa lítið spilað hér á landi hefur Ásgeir spilað víða um Evrópu þar sem hann hitaði meðal annars upp fyrir bæði John Grant og Of Monsters and Men í sumar. Í nóvember hélt hann síðan ásamt hljómsveit í sitt fyrsta stóra tónleikaferðalag um Evrópu sem lýkur þann 17. desember. Útlit er fyrir að ekkert muni hægja á dagskrá Ásgeirs á næstunni þar sem ensk útgáfa af Dýrð í dauðaþögn sem nefnist In the Silence kemur út í Bretlandi og Evrópu í lok janúar og í Bandaríkjunum í byrjun febrúar.

„Með í för verður hin norska Farao sem hefur séð um upphitun á tónleikaferðalagi Ásgeirs um Evrópu undanfarið.“

Tónleikarnir fara fram 27. desember í Gamla bíói í Reykjavík, 28. desember á Græna hattinum á Akureyri og 29. desember heimsækir Ásgeir félagsheimilið á Hvammstanga. - glp



**KEMUR FRAM Á ÍSLANDI** Ásgeir kemur fram ásamt hljómsveit sinni á þrennum tónleikum á Íslandi á milli jóla og nýárs. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**UMBOÐSMAÐUR ÁSGEIRS** María Rut Reynisdóttir.

# „MEISTARALEG SMÍÐ“

Kristjón Kormákur
Guðjónsson/Pressan.is




„Vel skrifaður og spunninn sálfræðitryllir,“
Jón Yngvi Jóhannsson/Fréttablaðið

„Vel stíluð og feikn spennandi bók sem rígheldur lesandanum.“
Eiríkur Bergmann/dv.is

„Metnaðarfull örlaga-saga, spennandi sálfræðitryllir og skemmtileg mannlífs-stúdía.“
Kristjón Kormákur Guðjónsson/Pressan.is

„Sindri Freysson er höfundur sem kann vel sitt fag. Þetta er fjörlega skrifuð og djörf bók sem heldur athyglinni allt til enda.“
Ingvi Þór Kormáksson/bokmenntir.is

„Full af erótík,“
Jórunn Sigurðardóttir/Rás 1



Nýjasta bók
Sindra Freyssonar
fær frábærar viðtökur.

sögur
ÚTGÁFA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060


13 DAGAR TIL JÓLA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tilli í stað titils

**Heiða Kristín Helgadóttir**, framkvæmdastjóri Besta flokksins, tilkynnti á Facebook að hún hefði fylgt fordæmi Bjarna Harðarsonar sem stjórnmálamanns og sent frá sér tölvupóst sem hún skammast sín fyrir. Í tölvupóstinum misritaði hún orðið „titill“ og skrifaði „tilli“ í staðinn. Einnig kveðst hún hafa farið fram úr sér á annan hátt en lætur ósagt hvað hún á við með því.

- ue



### Verðlaunar sig með málverki

Leikskáldið **Tyrfingur Tyrfingsson** ætlar að verðlauna sig fyrir að vera búinn að skrifa leikritið Bláskjá, sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu á næsta ári, með því að kaupa sér málverk eftir uppáhaldstónlistarmanninn sinn. Það er Steinunn Harðardóttir, betur þekkt undir listamannsnafninu Dj. flugvél og geimskip.

- ue



## Mest lesið VÍSIR

1 Ekki gefa mér peninga!
2 Karlmenn sem elska konur
3 Yfirmaður íþróttadeildar býr frítt í íbúð RÚV
4 „Varð 18 ára og fékk loksins frelsi“
5 Barnsmóðir Stefáns Loga var hrædd um barnið: „Hann hótaði líka að drepa hana.“





